6. tbl. 9. árg. miðvikudagur 21. apríl 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

ÚRSLIT Í HÖNNUNARSAMKEPPNI

39 tillögur bárust um nýjan framhaldsskóla

Tillaga Arcihitecture.cells, alþjóðlegs nets arkitekta og hönnuða, bar sigur úr býtum í samkeppni um hönnun húsnæðis Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, en úrslit voru kynnt föstudaginn 16. apríl. Höfundar vinningstillögunnar eru þau Aðalheiður Atladóttir, Falk Krüger og Filip Nosek. Var dómnefnd einróma á þeirri skoðun að tillagan hefði þá sérstöðu sem leitað var eftir og mælti með henni til frekari útfærslu en stefnt er að því að hönnun ljúki vorið 2011. Í umsögn dómnefndar um vinningstillöguna segir að hún sýni mjög fallega, áhugaverða og lifandi byggingu þar sem nemendur eru sýnilegir umhverfinu jafnt úti sem inni.

„Tillagan er flokkuð sem tvær stangir sem sýnir mjög fallega, áhugaverða og lifandi byggingu þar sem nemendur eru sýnilegir umhverfinu jafnt úti sem inni."

» 8/10

EIGN VIKUNNAR

Stórikriki 2

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Glæsilegar og rúmgóðar 2-4ra herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með fallegum innréttingum. Bílastæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum. **Verð frá 18,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

Ný CABAS tjónaskoðun

Vottað verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvegum bílaleigubíla

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 12. maí

Horfum til framtíðar

Mosfellingur kemur nú út á miðvikudegi fyrir sumardaginn fyrsta. Nóg er um að vera í bæjarfélaginu og fólk vonandi farið að líta björtum augum til framtíðar eftir allt sem á undan er gengið í þjóðfélaginu.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Úrslit hafa verið kynnt í hönnunarsamkeppni um Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Margar frambærilegar tillögur bárust dómnefndinni til að velja úr. Það þarf ekki að tíunda það mikla líf sem kemur í miðbæinn okkar með tilkomu nýja skólahúsnæðisins.

Birgir D. Sveinsson heldur áfram að grafa upp gamlar myndir og birta hér í dálknum „Í þá gömlu góðu...“. Ómetanlegar heimildir sem gaman er að rýna í. Hann fer nú yfir stríðsárin í sveitinni en talið er að meira en tíu þúsund hermenn hafi verið hér þegar mest var.

Mosfellingur óskar ykkur gleðilegs sumars.

www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Á þessari ljósmynd má greina hversu þétt herskálabyggðin var frá Brúarlandi,upp með Varmá og á Reykjamelum. Vel má sjá stífluna við Álafoss.
Umsjón: Birgir D. Sveinsson



1 *Brúarland og Lumley Camp.* **2** *Álafossverksmiðjan.* **3** *Leikhúsið.* **4** *Lón ofan stíflu við Álafoss.* **5** *Bensínbirgðir í Ullarnesbrekku.* **6** *White Horse Camp í Helgafellslandi.* **7** *Victoria Camp, þar sem Álafossverksmiðjan reis síðar.* **8** *MacArthur Camp, þar sem Meltún var eða í grennd við Áhaldahús Mosfellsbæjar.* **9** *Ontario Camp, þar sem Sveinsstaðir eru vestan vegar að Reykjalundi.* **10** *Lampton Park Camp var á svæðinu þar sem „Byggðirnar" eru núna.* **11** *Clayton Camp náði frá Dælustöðvarvegi að Reykjamel úr landi Reykjahvols og S- Reykja.* **12** *Vegurinn að Helgafelli, nú Brekkuland. Ljósa rákin ofarlega til hægri er hitaveitustokkurinn en þar er nú Teigahverfið. Allt herbúðasvæðið hafði samheitið Álafoss.*

HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

matarlist.is

Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**
www.fastmos.is

Hlíðartún

Einstakt 189,2 fm einbýlishús með gróðurhúsi, vinnuskúr og sundlaug við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Þetta er mjög sérstök eign á gróðursælum stað í elsta hverfi Mosfellsbæjar. Íbúðarhúsið eru 140,7 fm, en auk þess er kjallari undir hluta hússins. Við húsið eru sambyggður 23,4 fm vinnuskúr og 15 fm gróðurhús.

V. 39,7 m.

Laxatunga 94, 96 og 98

Mögul. á allt að 90% fjármögnun!
Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð.Hiti í gólfum. Áhv. eru ca. 21 millj. kr. ÍLS lán.
V. 29,9 m.

Laxatunga 116-124

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun!
Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,5 millj. kr. ÍLS lán.

V. 20,6 m.

Blikahöfði

Fallegt 143,2 m2 endaraðhús með bílskúr á stórri hornlóð við Blikahöfða. Húsið skiptist í forstofu, hol, hjónaherb. m/fataherb, baðherb., þvottahús, tvö barnaherb., borðstofu/herbergi, stofu og eldhús. Í bílskúrnum er gott milliloft.
V. 36,9 m.

Súluhöfði

Sérlega glæsileg 94,1 m2 neðri sérhæð - jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla. Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgirt timburverönd með skjólgirðingu. Topp eign á besta stað. **Lækkað verð!**
V. 24,9 m.

Litlikriki

Glæsilegt 278,9 m2 einbýlishús á á þremur pöllum með tvöföldum bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Falleg gólfefni og glæsilegar innréttingar.
V. 68,5 m.

Helgaland

Rúmgott 185 m2 parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Þetta er eign sem hentar vel stórri fjölskyldu 4-5 herbergi eru í húsinu. Fallegt útsýni!
V. 34,9 m.

Grundartangi

Vel skipulagt 70,2 m2, 3ja herbergja raðhús á einni hæð með góðum garði við Grundartanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, þvottahús/geymslu, baðherbergi, stofu og eldhús. Timburverönd og sérgarður í vestur.
V. 19,9 m.

Bjartahlíð

Falleg og rúmgóð 93,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli með sérinngangi af svölum við Björtuhlíð. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og rúmgóða stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Svalir í suðvestur. **Eignin er laus til afhendingar strax!**
V. 20,5 m.

Skeljatangi

Rúmgóð 4ra herbergja 92,4 m2 íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér afnotarétt af garði við Skeljatanga. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherb., baðherb., þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Köld útigeymsla er við hlið íbúðarinnar. **Eignin er laus til afhendingar strax! Áhvílandi lán ca. 19,9 m.**
V. 21,5 m.

Klapparhlíð

Mjög falleg 66,7 m2, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 9 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í: forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og hol. Íbúðinni fylgir 6,7 m2 sér geymsla. **Áhvílandi lán ca. 14,6 m.**
V. 17,9 m.

Hjarðarholt

Fallegt 88,0 m2 einbýlishús á 3.000 m2 útsýnislóð rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skipist í forstofu, tvö góð herbergi með kojum, hjónaherbergi, baðherbergi með sturtu, eldhús og stofu. Stór verönd er við húsið að sunnan og vestanverðu og lóðin er gróin og falleg. Mjög mikið útsýni er frá húsinu.
V. 25,9 m.

Esjugrund - 116 Kjalarnes

178,4 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegri sjávarlóð við Esjugrund á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gríðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. **Húsið er nýmálað að innan og laust til afhendingar! Lækkað verð!**
V. 29,8 m.

Tónleikar og nýtt lag með Gildrunni

Rokkhljómsveitin Gildran úr Mosfellsbæ heldur tónleika þann 1. maí í tilefni 30 ára samstarfsafmælis. Tónleikarnir eru haldnir í Hlégarði og opnar húsið kl. 20. Gömlu rokkararnir fóru í hljóðver á dögunum og tóku upp nýtt lag, Blátt blátt. Þetta er þeirra fyrsta hljóðritun í langan tíma. Hljómsveitina skipa Birgir Haraldsson söngur, Karl Tómasson trommur, Sigurgeir Sigmundsson gítar og Þórhallur Árnason bassa. Gildran skipar stóran sess í íslenskri rokksögu en hljómsveitin starfaði í yfir áratug og gaf út fjölda laga og þ.á.m tvöföldu safnplötuna Gildran í tíu ár og naut mikilla vinsælda.

Vel sótt námskeið Rauða krossins

Heilsufæði frá ýmsum löndum var fyrsta örnámskeiðið í fjölbreyttri dagskrá á opnu húsi hjá Kjósarsýsludeild Rauða krossins. Námskeiðið var vel sótt, en þar töfraði Patricia Brizuala-Castaneda fram hvern heilsuréttinn á fætur öðrum. Patricia útbjó hressandi morgundrykk, baunarétti, álegg, sushi og eftirrétt sem gestirnir gerðu mjög góð skil. Upplýsingar um næstu viðburði má finna á síðunni www.redcross.is/kjos.

Tillögum og skoðunum ungmenna komið áleiðis í stjórnkerfi Mosfellsbæjar

Ungmennaráð fundar með bæjarstjórn

Ungmennaráð Mosfellsbæjar hélt í fyrsta skipti fund með bæjarstjórninni á dögunum og lagði fyrir bæjarfulltrúa ýmsar spurningar sem brenna á ungmennum bæjarins. Þar var m.a. rætt um samgöngur milli hverfa, útivistarsvæði, umferðaröryggi, almenningssamgöngur og skólamál. Sérstaklega var spurt út í byggingu nýs framhaldsskóla í bænum, enda líklegt að hugur margra ungmenna í bænum stefni þangað að loknum grunnskóla.

Ungmennaráðið, sem er skipað níu fulltrúum frá grunnskólum og framhaldsskóla Mosfellsbæjar, hefur nú verið starfrækt frá 1. desember 2008 og fundar ráðið mánaðarlega.

Ungmennaráð er umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna á aldrinum 13-20 ára í sveitarfélaginu, með það að markmiði að koma tillögum og skoðunum ungmenna til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins, vera sveitarfélaginu ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki, gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og auka tengsl fulltrúa nemenda og bæjaryfirvalda, auk þess að þjálfa ungmenni í sveitarfélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Frá fundi ungmennaráðs og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Hópurinn Konur í Mosfellsbæ hefur verið mjög virkur allt frá stofnun hans á Facebook. Hér afhenda þær kvenfélaginu styrk.

Gefa þúsund krónur fyrir hvert starfsár kvenfélagsins sem er aldargamalt

Konur í Mosfellsbæ styrkja kvenfélagið

Á aprílfundi Kvenfélags Lágafellssóknar afhentu Konur í Mosfellsbæ styrk til Kvenfélags Lágafellssóknar. Nam styrkurinn 100 þúsund krónum eða þúsund krónur fyrir hvert starfsár kvenfélagsins sem fagnaði 100 ára starfsafmæli 26. desember sl.

Söfnunarféð er afrakstur kvennakvölds sem Konur í Mosfellsbæ stóðu fyrir og afhentu stofnendur félagsins þær Herdís, Sigríður, Hildur og Hafdís styrkinn með von um að hann mætti efla og styrkja starf kvenfélagsins enn frekar um komandi ár.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is

Helgihald næstu vikna

25. apríl 3. sd. e. páska
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju
kl. 11 „Krílamessa“ –
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

2. maí 4. sd. e. páska
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju
kl. 11 Sr. Skírnir Garðarsson

9. maí 5. sd. e. páska
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju
kl. 14
Ferming
Kirkjudagur Hestamannafélagsins Harðar.
Hópreið hestamanna til kirkju
Sr. Skírnir Garðarsson

www.lagafellskirkja.is

Fjölskylduhátíð

Opnun kosningaskrifstofu sjálfstæðismanna

Krónuhúsinu, miðvikudaginn 21. apríl klukkan 17:00

Mosfellingum er öllum boðið á opnun kosningaskrifstofu sjálfstæðismanna í Krónuhúsinu.

Barnahorn verður fyrir yngstu krakkana og margt skemmtilegt í boði fyrir fullorðna sem enn vernda krakkann í sjálfum sér. Allir fá grillaðar pylsur og gos.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri og efsti maður á lista sjálfstæðismanna í komandi bæjarstjórnarkosningum mun fara stuttlega yfir það sem hefur verið gert á kjörtímabilinu og það sem stefnt er að því að gera á næsta kjörtímabili.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar mætir og spilar vinsælustu lögin sín.

www.xd.is

x D

Sjálfstæðismenn

9 tilboð af 10 undir kostnaðaráætlun

Tilboð í tvöföldun hringvegarins milli Hafravatnsvegar og Þingvallavegar hefur farið fram hjá Vegagerðinni. Alls bárust 10 tilboð í verkið og voru 9 þeirra undir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Lægsta tilboðið barst frá Íslenskum aðalverktökum og var það 75,8% af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun var 339 m. króna. Afar litlu munaði á þremur lægstu tilboðunum sem voru frá Háfelli, 258,6 m., Loftorku, 257,2 m. og ÍAV, 256,9 m. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.

Ungt fólk til áhrifa

Vel var mætt á fund unga fólksins í kosningamiðstöð sjálfstæðismanna sem haldinn var fimmtudaginn 5. apríl. Sjálfstæðismenn héldu fundinn að hluta til til að vekja athygli á því sem þeir hafa komið í framkvæmd á kjörtímabilinu í meirihlutasamstarfi sínu með Vinstri Grænum og að hluta til til að hlusta á hvaða áhrif unga fólkið vildi hafa á framtíð bæjarins. Flestir voru sammála um að Mosfellsbær væri frábær staður til að búa á, barnvænn bær með góðri íþróttaaðstöðu og draumur sérhvers útivistarmanns. Hins vegar vanti sterka miðbæjarstemmingu og vildu ýmsir að úr því yrði bætt.

Stuttverkasýningin Glefsur og dýrgripir til sölu

Flóamarkaður í leikhúsinu

Mikið er um að vera hjá Leikfélagi Mosfellssveitar þessa dagana. Föstudaginn 9. apríl var stuttverkasýningin Glefsur frumsýnd og verða næstu sýningar sunnudagana 25. apríl og 2. maí kl. 20. Sýningin er afar fjölbreytt, allt frá léttu gríni til dýpsta drama. Sýningin er ekki við hæfi barna. Hægt er að nálgast miða í síma 566 7788 og er miðaverð aðeins 1.500 krónur.

Á sumardaginn fyrsta verður haldinn flóamarkaður í Bæjarleikhúsinu kl. 14-17. Til sölu verða ýmsir gamlir dýrgripir úr sögu leikfélagsins, bæði búningar og leikmunir. Verði verður mjög stillt í hóf og leyfilegt að prútta. Einnig verður pokamarkaður þar sem hægt verður að kaupa troðfullan poka af fötum á aðeins 500 krónur. Handverksfólk í bænum er velkomið að koma líka og fá lánað söluborð sér að kostnaðarlausu. Upplýsingar veitir Ólöf í síma 566 7788.

Nú er um að gera fyrir bæjarbúa að fjölmenna í leikhúsið, kíkja á flóamarkað, gæða sér á dýrindis vöfflum og kaffi og taka þátt í skemmtilegri sumarstemmningu á morgun.

Opið fyrir umsóknir um vinnuskóla

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um Vinnuskóla Mosfellsbæjar á www.mos.is. Vinnuskólinn er starfræktur fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Mosfellsbæjar. Skráning nemenda í vinnuskólann stendur til 10. maí og geta þeir treyst því að fá vinnu sem sækja um fyrir þann tíma. Vinnuskólinn mun starfa frá 10. júní og fram að verslunarmannahelgi. Gert er ráð fyrir að 9. og 10. bekkingar hefji störf þann 10. júní en 8. bekkingar 14. júní. Daglegur vinnutími og tímabil fer eftir aldri nemenda, en ákvörðun um lengd daglegs vinnutíma og tímabils verður tekin þegar endanlegur fjöldi umsókna liggur fyrir. Allir umsækjendur fá tölvupóst með upplýsingum um vinnutíma og laun fyrir 3. júní. Vinnuskólinn heyrir undir menningarsvið Mosfellsbæjar en dagleg stjórnun hans er í höndum tómstundafulltrúa, Eddu Davíðsdóttur.

Vel sótt vistakstursnámskeið í umhverfisfræði

Fjölbreytt nám í FMOS

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hafa nemendur í umhverfisfræði mikið val um hvaða verkefni þeir vinna í áfanganum. Nýlega var boðið upp á vistakstursnámskeið sem eitt af verkefnunum og sóttu 10 nemendur námskeiðið. Námskeiðið fór fram í skólanum en þangað voru fluttir fimm vistakstursbermar. Nemendur fengu að æfa sig í vistakstri heilan morgun undir leiðsögn leiðbeinanda frá Landvernd, en Landvernd heldur utan um námskeiðin.

Sýnt hefur verið fram á að þeir sem sækja námskeið í vistakstri draga úr eldsneytisnotkun, minnka líkur á umferðaróhöppum og lækka viðhaldskostnað bílsins. Minni eldsneytisnotkun fylgir minni loftmengun og þannig geta þeir sem tileinka sér vistakstur ekki aðeins minnkað eigin útgjöld heldur einnig lagt sitt af mörkum til að draga úr koltvísýringslosun. Nemendum FMOS sem tóku þátt í námskeiðinu gekk vel að tileinka sér það aksturslag sem kynnt var á námskeiðinu og voru nemendur almennt ánægðir.

ELDRI BORGARAR

Leirnámskeið

Byrjendanámskeið í leirgerð fyrir konur og karla. Kennt verður á þriðjudögum og föstudögum kl. 10-12 í fjórar vikur, fjórir til fimm saman í hóp. Námskeiðið sem hefst föstudaginn 30. apríl kostar 1500 kr. Innifalið er 1 kg leir, brennsla og glerungur.
Síðan er hægt að kaupa aukalega leir sem kostar þá 1000 kr. (brennsla og glerungur innifalið).
Kenndar verða ýmsar undirstöðuaðferðir fyrir leirgerð.

Karlar og konur!

Föstudaginn 30. apríl verður farin skoðunarferð í Listgler og Föndru. Þar gefst m.a. tækifæri til þess að kaupa efni í ýmiskonar handverk. Þar á eftir verður farið í kaffi og meðlæti í Veisluturninum á nítjándu hæð, Smáratorgi 3, Kópavogi.
Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 13. Verð þ.e. akstur og kaffi er kr. 2.100.

Upplýsingar má fá á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814

Pizzeria Rizzo

MOSFELLINGAR

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI MEÐ

20% AFSLÆTTI

TILBOÐ GILDIR TIL 1. JÚNÍ 2010 Í SAL OG SÓTT

PEPSI MAX

MOSFELLINGAR

20% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS
AF ÖLLUM PIZZUM Á MATSEÐLI

TILBOÐ GILDIR Á RIZZO PIZZERIA, HRAUNBÆ 121, 110 REYKJAVÍK,
TIL 1. JÚNÍ 2010 Í SAL OG SÓTT

HRAUNBÆ 121 - 110 REYKJAVÍK **WWW.RIZZO.IS**

Pizzeria Rizzo

EITT SÍMANÚMER

577-7000

Tillögur að nýjum framhaldsskóla voru fjölbreyttar, frumlegar og metnaðarfullar að mati dómnefndar

Áhugaverð og lifandi bygging

Tilkynnt var um úrslit í hönnunarsamkeppni um nýjan framhaldsskóla í miðbæ Mosfellsbæjar föstudaginn 16. apríl. Architecture.cells, sem er alþjóðlegt net arkítekta og hönnuða, hlaut fyrstu verðlaun. Höfundar tillögunnar eru Aðalheiður Atladóttir, Falk Krüger og Filip Nosek auk þess sem Árni Þórólfsson veitti ráðgjöf.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Karl Tómasson forseti bæjarstjónar og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ásamt sigurvegurum hönnunarsamkeppninnar Aðalheiði Atladóttur, Falk Krüger og Filip Nosek frá Architecture.cells sem er net arkítekta og hönnuða.

Lifandi hlið inn í miðbæinn

Í umsögn dómnefndar um vinningstillöguna segir að hún sýni mjög fallega, áhugaverða og lifandi byggingu þar sem nemendur eru sýnilegir umhverfinu jafnt úti sem inni. Húsið skapar lifandi hlið inn í miðbæ Mosfellsbæjar sem fellur vel að skipulagi og landi í öllum áföngum og að það tákni framtíð og kraft. Einnig segir í dómnefndaráliti að byggingin sé heilsteypt og að efnisval sé hlýlegt þar sem flæði úti og inni fléttast saman. Megininntak og efnisval tillögunnar er ágætur grunnur að vistvænni byggingu, merkisbera umhverfistefnu bæjarfélagsins.

39 metnarfullar tillögur

Alls bárust 39 tillögur í keppnina. Að mati dómnefndar voru þær fjölbreyttar, frumlegar og metnaðarfullar. Djarfar og skemmtilegar hugmyndir birtast í mörgum tillögum þó þær hafi ekki komið til álíta til verðlauna eða innkaupa.

Önnur verðlaun hlutu Krads Arkitektúr og þriðju verðlaun hlutu arkitektarnir Guðrún Ingvarsdóttir og Helgi Mar Hallgrímsson og landslagsarkitektarnir Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir.

Framhaldsskóli í fremstu röð

„Í dag færist nær sú framtíð sem við höfum beðið svo lengi eftir – að hér verði framhaldsskóli í fremstu röð. Síðastliðið haust hófst þessi vegferð, með stofnun skólans í Brúarlandi, en nú hyllir undir nýja byggingu svo skólinn megi vaxa og dafna líkt og vonir standa til um. Við, Mosfellingar, hlökkum til að miðbærinn fyllist lífi og menningu samfara nýjum framhaldsskóla með þeim ungmennum sem hann munu stunda," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Skóli fyrir 400-500 nemendur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbær gerðu með sér samkomulag um stofnun og byggingu framhaldsskóla þann 19. febrúar 2008. Í samkomulaginu kom fram að gert væri ráð fyrir því að hefja kennslu í bóklegum greinum á fyrsta ári framhaldsnáms haustið 2009 og hófst kennsla í bráðabirgðahúsnæði í Brúarlandi síðastliðið haust.

Ákveðið var að byggt yrði nýtt skólahúsnæði í miðbænum eins fljótt og verða mætti. Aðilar voru sammála um að í fyrsta áfanga yrði gert ráð fyrir allt að 4.000 fermetra byggingu er rúmaði 400 til 500 bóknámsnemendur.

Auðlindir og umhverfi

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er framhaldsskóli sem kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og verða þær áherslur samflétaðar við skólastarfið. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir. Ennfremur er stefnt að því að gera umhverfi skólans að lifandi þætti í skólastarfinu þar sem hugað verður m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má umhverfisins og nýta á skynsamlegan hátt.

Skóli með áfangasniði

Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði og lögð er áhersla á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins, á stúdentsbrautum, stuttum starfsnámsbrautum og almennum brautum. Það endurspeglast í námsframboði skólans á þann hátt að þó að skólinn sé að stærstum hluta bóknámsskóli, mun hann bjóða fram nám í verknáms- og handverksgreinum og listgreinum til að auka fjölbreytni námsins.

Stefnt er að því að Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ flytji í nýtt húsnæði í Háholti haustið 2012.

Framhald á næstu síðu. »

AÐRAR TILLÖGUR

Sumardagurinn fyrsti

22. apríl 2010

Skrúðganga frá Miðbæjartorginu

Leiktæki og skemmtidagskrá í Lágafellsskóla

DAGSKRÁ:

Kl: 13.00

Skrúðganga frá Miðbæjartorginu að Lágafellsskóla

Kl: 13.30

Leiktæki, þrautir, hoppukastalar og spákonutjald við Lágafellsskóla

Sjoppa – pylsuvagn

Kaffisala og kökuborð í sal – skemmtiatriði á sviði Lágafellsskóla

Meðal annars:

Barna- og unglingakór Varmárskóla

Trúðar með grín og glens

Birgir Haraldsson úr Gildrunni flytur nokkur lög

Söngatriði frá félagsmiðstöðinni í Lágafellsskóla:

Bryndís Rut Óskarsdóttir og Bryndís Gunnarsdóttir

MOSFELLINGAR

FJÖLMENNUM Á HÁTÍÐINA

FÖGNUM SUMRI

MOSFELLSBÆR

SKÁTAFÉLAGIÐ MOSVERJAR

Höfundar: Krads Arkitektúr
Tillagan er flokkuð sem stöng sem sýnir afar áhugaverða hugmynd. Byggingin fellur nokkuð vel að skipulagi í fyrri áfanga og mjög vel ef seinni áfangar verða að veruleika. Tillagan sýnir mjög fallega, áhugaverða og lifandi byggingu sem skapar nútímalegt hlið inn í miðbæ Mosfellsbæjar. Lóðarhönnun og aðkoma að byggingunni úr öllum áttum er vel hugsuð, en gera mætti skjólmyndun hærra undir höfði. Áhugaverð notkun timburs á jarðhæð vinnur þó gegn vindstrengjum meðfram þessu langa slétta húsi. Innra skipulag er mjög gott og afar áhugavert.

Höfundar: Guðrún Ingvarsdóttir og Helgi Mar Hallgrímsson
Tillagan er flokkuð sem klasi sem sýnir áhugaverða hugmynd sem unnið er með til hlítar. Húsið er mjög vel leyst á allan hátt. Vel útfærð vistvæn stefna skapar tillögu þessari sérstöðu. Skemmtilegt hús sem fellur vel að skipulagi og götu. Lóð mjög vel leyst með skjólgóðum skotum við hús. Útlit húss er heldur hógvært og látlaust og nær ekki að skapa sérstöðu sem framsækinn og metnaðarfullur framhaldsskóli. Í tillögunni er mörkuð mjög metnaðarfull stefna um vistvænan byggingarmáta meðal annars með notkun innlendra endurnýjanlegra og vistvænna byggingarefna.

39 tillögur bárust alls í samkeppnina og sex þeirra hlutu sérstök verðlaun eða viðurkenningu

Áhersla á snjallar og frumlegar hugmyndir

Athyglisverð tillaga að mati dómnefndar.

Tillaga nr. 31 var valin til innkaupa.

Tillaga nr. 33 var valin til innkaupa. Spennandi og kraftmikið hús að mati dómnefndar. Allar tillögurnar í hönnunarsamkeppninni verða til sýnis í Kjarna næstu daga.

Húsið skapar lifandi hlið inn í miðbæ Mosfellsbæjar sem fellur vel að skipulagi og landi.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ tók til starfa í bráðabirgðahúsnæði að Brúarlandi þann 20. ágúst 2009. Á myndinni má sjá hluta nemenda og starfsmanna við skólann.

Verkfræðingar fara yfir tillögurnar.

Formaður dómnefndar, Þráinn Sigurðsson.

AÐRAR TILLÖGUR

GILDRAN

Í MOSFELLSBÆ

Í tilefni af 30 ára samstarfsafmæli mun hljómsveitin Gildran halda tónleika í heimabæ sínum 1. maí.

Tónleikarnir verða haldnir í Hlégarði og hefjast kl. 21:15. Húsið opnar kl. 20.

Miðaverð kr. 3.000.-

Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) *Sími: 578-6699*

Feðgarnir Sigurður Fjeldsted, Einar Kristján, Kristján Þór og Kristján Magnússon.

FERSKUR FISKUR

TILBÚINN BEINT Á GRILLIÐ

NÝTT ÚRVAL AF FROSNU GRÆNMETI Á GÓÐU VERÐI

OPIÐ:
MÁN-FIM 10-19
FÖS 11:30-19

Konur hittast víðsvegar um bæinn og hreyfa sig

Útiþjálfun á morgnana

Á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum kl. 6:10 hittast 35 konur víðsvegar um bæinn til að halda sér í góðu formi í útiþjálfun undir stjórn Kristínar Einars íþróttakennara. Reykjalundarskógur og umhverfið í kringum hann er mikið notað en einnig eru aðrir staðir í bæjarfélaginu kynntir fyrir þátttakendum sem mögulegir þjálfunarstaðir.

„Það þarf ekki líkamsræktarstöð til að koma sér í gott líkamlegt form því að tækifærin til að stunda þol, styrktar og liðleikaæfingar eru nær en margan grunar. Þetta er upplagt fyrir alla sem elska hreyfingu, ferskt loft og útiveru," segir Kristín. Í maí verður útiþjálfun einnig síðdegis á mánudögum og miðvikudögum. Nánari upplýsingar eru hjá Kristínu Einars íþróttakennara hreyfing.adhald@gmail.com

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa o.þ.h. á skrá.

Skráið bílinn **frítt** hjá okkur. Endilega komið þið til okkar og við skráum bílinn eða sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, 100bílar.is,

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKODA ST 4X2
Nýr bíll, sjálfsk, til í nokkrum litum og tveimur stærðum, Geislaspilari, Tengi fyrir MP3/iPOD, Loftkæling. Verð frá aðeins **1999 þús. kr án VSK.**

ÍSBAND – BÍLAINNFLUTNINGUR

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

Dodge Ram Laramie Hemi, árg. 11/2007, ek. 18 þús. km, 350 hö, bensín, sumardekk & 35" vetrardekk, Fluttur inn nýr! **Ásett verð 4490 þús. kr.**
Bíllinn er á staðnum.

100bilar

100 BÍLAR | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS

GRILL NESTI

HÁHOLT 24 - 270 MOSFELLSBÆR

OPNUM Á MORGUN

SUMARDAGINN FYRSTA

69 KR
ÍS Í BRAUÐFORMI

BRAGÐAREFUR
499 KR

1999 KR
FJÖLSKYLDUTILBOÐ
4 HAMBORGARAR, FRANSKAR, SÓSA,
2L KÓK OG NIZZA SÚKKULAÐIKASSI

299 KR
PULSUTILBOÐ
PULSA, 1/2 L KÓK
OG SÚKKULAÐISTYKKI

699 KR
HAMBORGARATILBOÐ
OSTBORGARI, FRANSKAR, SÓSA,
1/2 L KÓK OG SÚKKULAÐISTYKKI

OPNUNARTILBOÐ
GILDA TIL SUNNUDAGSINS 25. APRÍL

GLEÐILEGT SUMAR

HOPPUKASTALI OG BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN

BEINT Í BÍLINN

GRILL NESTI

Hreinsunarátak í Mosfellsbæ

VORIÐ ER KOMIÐ

Dagana 23. apríl – 7. maí verður hreinsunarátak í Mosfellsbæ. Á því tímabili eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi. Nú hillir í vorið og því tímabært að fjarlægja rusl eftir veturinn.

Starfsmenn Áhaldahúss verða á ferðinni á þessu tímabili og fjarlægja garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Fólk er hvatt til að setja garðaúrgang í poka og binda greinaafklippur í knippi. Gert er ráð fyrir að úrgangur verði sóttur fyrir utan lóðarmörk dagana fram til 7. maí.

Íbúar eru minntir á að klippa hekk og tré sem ná inn yfir gangstéttir og stíga.

Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á tímabilinu 23. apríl til 7. maí í hverfum bæjarins og verða þeir staðsettir á eftirtöldum stöðum:

- Holta- og Tangahverfi – Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)
- Höfða- og Hlíðahverfi – Vörubílastæði við Bogatanga
- Teiga- og Reykjahverfi – Skarhólabraut ofan Reykjavegar
- Hlíðartúnshverfi – Við Aðaltún
- Helgafellshverfi – Efst í Brekkulandi
- Mosfellsdalur – Á bílastæði við Þingvallaveg.

Íbúðagötur verða hreinsaðar í maí og verður miðum með nánari upplýsingum dreift í hús þegar nær dregur.

HREINSUNARDAGUR 2. MAÍ

Sunnudaginn 2. maí verður hreinsunarátak á opnum svæðum bæjarins og meðfram byggingarsvæðum. Afturelding og skátafélagið Mosverjar munu að venju aðstoða við hreinsunina.

Allar íbúar Mosfellsbæjar eru boðnir velkomnir til þátttöku í hreinsunarátaki Mosfellsbæjar.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Heiðursfélagar Mosfellings síðustu ára ásamt stofnanda og ritstjóra blaðsins.

Starfsmenn og velunnarar gerðu sér glaðan dag

Árshátíð Mosfellings

Árshátíð Mosfellings fór fram 10. apríl í húsakynnum björgunarsveitarinnar Kyndils. Gull-M-ið var að venju afhent og að þessu sinni hlaut æðstu viðurkenningu blaðsins Ruth Örnólfsdóttir blaðamaður og ljósmyndari. Ruth hefur til margra ára séð um hin vinsælu viðtöl við Mosfellinga samtímans. Sérstakir gestir kvöldsins voru tónlistarmennirnir Gunnar Þórðarson og Magnús Þór Jónsson (Megas). Ræðumaður kvöldsins var Gunnar Helgason húsasmíðameistari á Álafossi.

Gylfi Guðjónsson, Hilmar Gunnarsson og Karl Tómasson hafa allir staðið að blaðaútgáfu í Mosfellsbæ.

Leynigestur kvöldsins Gunnar Þórðarson ásamt Ruth Örnólfsdóttur sem var heiðruð sérstaklega fyrir störf sín.

Högni Snær og Svanþór Einarsson.

Leynigesturinn Megas ásamt Steina Mæló.

Ræðumaður kvöldsins, Gunnar Helgason á Álafossi.

Fríða Arnalds og Sindri Guðmundsson.

Kristín og Gunnar stóðu vaktina á barnum.

Erla, Teitur, Júlíus og Ólafur í sínu fínasta.

Yrja, Sigrún og Oddný í hátíðarskapi.

SÁLIN HANS JÓNS MINS

Gleðilegt sumar

VORGLEÐI Í MOSFELLSBÆ

Íþróttahúsinu Varmá lau. 8. maí 2010

Forsala miða í Grillnesti
frá þriðjudeginum 4. maí
Miðaverð 2.500 í forsölu
og 2.900 við hurð

Allir velkomnir!
Aldurstakmark 20 ár
Húsið opnar kl. 23

Carlsberg

Sigríður Johnsen fyrrverandi skólastjóri Lágafellsskóla hefur starfað að skólamálum í 40 ár og lengst af í Mosfellsbæ. Í dag stendur hún fyrir námskeiðum í sjálfstyrkingu fyrir börn og unglinga.

Ævintýri við hvert fótmál

Sigríður Johnsen er, eins og alltaf, stórglæsileg þegar hún tekur á móti mér einn góðan veðurdag á hlýlegu heimili sínu að Ásum. Tíkin Skutla fylgir húsmóðurinni hvert fótmál og fylgist með framvindu mála. Þeir sem til Sigríðar þekkja segja að hún sé kennari af Guðs náð og mikill leiðtogi. Í dag stendur hún fyrir sjálfstyrkingarnámskeiðum fyrir börn og aðsóknin er mikil.

„Í minningunni var alltaf sól í Eyjum og ævintýri við hvert fótmál. Ég fór ung með föður mínum í úteyjar og dvaldi flest sumur með veiðikörlum í Bjarnarey við eggjatöku og lundaveiðar. Hann kenndi mér að síga í björg, leggja trillu að steðja og lesa í ölduna og vindinn. Einnig að þekkja fugla, greina jurtir og ekki varð hjá því komist að þekkja örnefni Eyjanna. Hann kenndi mér ekki síst að sýna náttúrunni virðingu, koma auga á fegurðina og að meta gæðin og verðmætin í einfaldleikanum. Móðir mín var listelsk og kaus frekar að líta í bók en að flengjast um fjöll og greina jurtir. Hún kenndi mér að meta góðar bókmenntir og tónlist meistaranna. Að þessari kennslu og lífssýn hef ég búið alla ævi."

Sleit barnsskónum í Eyjum

Sigríður er fædd í Vestmannaeyjum 28. júlí árið 1948. Hún er dóttir hjónanna Hlöðvers Johnsen og Sigríðar Haraldsdóttur en þau eru bæði látin. Hún er úr hópi sex systkina þeirra Ágústu, Margrétar, Önnu Svölu, Haraldar Geirs og Svövu Bjarkar. Sigríður er gift Garðari Jónssyni trésmiði. Dóttir hennar er Guðrún Elísa fædd 1968 en börn þeirra Garðars eru Ragnar fæddur 1979 og Ingibjörg fædd 1985, lést sama ár. Barnabörnin eru fjögur þau Garðar Þór, Ísak, Hafrún Sigríður og Sigríður.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Ákvað ung að verða kennari

„Ég var barn þegar ég ákvað að verða kennari. Eftir landspróf lá leiðin til Reykjavíkur í Kennaraskóla Íslands. Ég var þá nýorðin 16 ára og hafði aldrei verið lengur en viku að heiman og þjáðist af heimþrá. Ég saknaði fjölskyldunnar, vinanna og Heimakletts en ég aðlagaðist borgarlífinu og námið gekk vel. Eftir útskrift hóf ég að kenna í Vestmannaeyjum og elskaði það starf frá fyrsta degi. Ég ætlaði aldrei að búa annars staðar en í Eyjum. En það átti eftir að breytast."

Gosnóttin 23. janúar 1973

„Ég hafði setið við fram á nótt og farið yfir stærðfræðipróf. Síminn hringdi og mér var tjáð að það væri farið að gjósa austur á Eyju og að allir ættu að fara niður á bryggju tafarlaust. Sprunga hafði myndast austast á Eyjunni. Brunalúðrar voru þeyttir til þess að vekja bæjarbúa. Klukkustund frá upphafi gossins var bærinn vaknaður og fólkið streymdi niður á bryggju. Fólk skimaði eftir ættingjum og reyndi að halda hópinn á bryggjunni meðan beðið var eftir skipsplássi."

Í 60 ára afmælisferð til Kaupmannahafnar með börnum, tengdabörnum og barnabörnum.

Flutti í Mosfellsbæ

„Við tók sérkennilegur tími og margir áttu erfitt með að festa rætur í nýju umhverfi. Ég tel þó að ég hafi verið lánsöm. Ég nýtti tímann til þess að bæta við mig menntun og svo lá leiðin í Mosfellsbæ. Það var einkum góð aðstaða fyrir hestamenn sem dró okkur hingað. Í einum reiðtúrnum áði ég við Varmárskóla, hitti á skólastjórann Tómas Sturlaugsson og spurði hvort laus væri kennarastaða. Ég var ráðin og starfaði næstu 32 árin að skólamálum í Mosfellsbæ."

Ástríðan og áhugamálið

„Það eru mikil forréttindi og fátt verðmætara en að auðnast að vinna alla sína starfsævi að því sem er ástríðan og áhugamálið. Ég byrjaði sem kennari í Varmárskóla, varð svo aðstoðarskólastjóri við sama skóla, fyrsti skólafulltrúi Mosfellsbæjar með umsjón með leik- og grunnskólum og varð síðan skólastjóri við Lágafellsskóla þegar hann var stofnsettur."

Erfið ákvörðun

Sigríður byrjaði ung að kenna og var því tiltölulega ung þegar hún náði 95 ára reglunni. Aðspurð um hvort ákvörðunin um að hætta að stýra Lágafellsskóla og fara á eftirlaun hafi verið erfið segir Sigríður. „Já, það var sannarlega erfið ákvörðun af því mér líkaði starfið vel, en ég tel að hún hafi verið skynsamleg."

Námskeið í sjálfstyrkingu

Ég spyr Sigríði hvað hún hafi tekið sér fyrir hendur eftir að hún hætti störfum sem skólastjóri? „Í starfi mínu sem skólastjóri hafði ég komið auga á þörfina fyrir úrræði fyrir nemendur sem ekki fá notið sín að fullu vegna skorts á sjálfstrausti. Þess vegna ákvað ég að afla mér menntunar á því sviði með það að leiðarljósi að hlúa að þeim einstaklingum. Ég hef í rúmt ár haldið sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga og ljóst er að aðferðin gagnast vel og nemendur ná sýnilegum árangri."

Hjartað fyllist þakklæti

„Ég hef stundað hestamennsku lengi. Við búum í jaðri byggðar með hesthúsið á hlaðinu. Það er fátt verðmætara en að ferðast á velþjálfuðum hestum um fáfarnar slóðir, í góðum félagsskap í íslenskri náttúrunni. Það er eins og tíminn standi í stað, allt hversdagsins amstur svo órafjarri og hjartað fyllist þakklæti og fögnuði yfir lífinu."

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

MOSFELLSBÆR

SUMAR 2010

SUMARNÁMSKEIÐ

fyrir börn og unglinga

MYNDLISTARSKÓLI MOSFELLSBÆJAR

Námskeið fyrir börn og fullorðna nánari uppl. mynd-mos@heimsnet.is / 663-5160.

DREKAÆVINTÝRI TAEKWONDO DEILDAR

Skráning fer fram á taekwondo@afturelding.is

SUNDNÁMSKEIÐ

Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju. Uppl. í íþróttamiðstöðinni s. 566-6754.

SKÓLAGARÐAR

Uppl. bolid@mos.is

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ

Matreiðslunámskeið fyrir hressa krakka á aldrinum 7-14 ára í sumar. Skráning í síma 512-3383 eða á namskeid@syni.is

HREYSTINÁMSKEIÐ ELDINGAR

Námskeið fyrir stelpur og stráka á aldrinum 10-13 ára. Nánari upplýsingar hjá Höllu í síma 897-0108

FRJÁLSÍÞRÓTTANÁMSKEIÐ GOGGA GALVASKA

Námskeið fyrir 6 til 8 ára börn á Varmárvelli 1. júní-27. júní. Tvisvar í viku frá kl 16-17. Skráning frjalsar@afturelding.is

REIÐSKÓLI BERGLINDAR

Skráning hefst 10. maí. Tekið er við skráningum eftir kl. 16 á daginn í símum 899-6972. Einnig er hægt að senda skráninguna á netfangið berglind@varmarskoli.is.

GOLFNÁMSKEIÐ

Golfklúbburinn Kjölur verður með nokkur námskeið í sumar. Skráning 566-7415 og á gkj@gkj.is

GOLFNÁMSKEIÐ

Golfklúbbur Bakkakots verður með nokkur námskeið í sumar. Nánari uppl. í 566-8480 og gobskalinn@simnet.is.

REIÐSKÓLINN VINDHÓLL

Reiðnámskeiðin eru í eina viku í senn allan daginn frá 9-16 heitur matur í hádeginu. Nánari upplýsingar Önnu Báru í síma 861-4186 skráningar hefjast sumardaginn fyrsta. Pollanámskeið verða 9.-20. ágúst.

RAUÐI KROSSINN

Rauðikrossinnverðurmeðnámskeiðísumar, Börn og umhverfi, mannúð og menning. Nánari upplýsingar um námskeiðin: kjos@redcross.is. Skráning fer fram á síðunni www.raudikrossinn.is/kjos

VINNUSKÓLI MOSFELLSBÆJAR

Upplýsingar: bolid@mos.is

FRJÁLSÍÞRÓTTANÁMSKEIÐ UMFÍ FRJÁLSÍÞRÓTTASKÓLINN

Nánari upplýsingar www.umfi.is og í síma 568-2929.

HANDBOLTASKÓLI AFTURELDINGAR

Handknattleiksdeild UMFA verður með handboltaskóla sem hefst 9.-20. ágúst. Upplýsingar og skráning hjá Sigrúnu Másdóttur. Sími: 820-0802. Netfang: sigrunmas@gmail.com

SUMARLESTUR

Sumarlestur fyrir börn fædd 2000 , 2001 og 2002 á Bókasafni Mosfellsbæjar. Hefst 1. júní og stendur til 20. ágúst. Þemað er fuglar.

KNATTSPYRNUNÁMSKEIÐ AFTURELDINGAR

Afturelding verðu með námskeið fyrir krakka fædda '96-04. Upplýsingar: Bjarki 698-6621.

LEIKJANÁMSKEIÐ ÍTOM

Íþrótta- og tómstundaskóli Mosfellsbæjar verður með fjögur námskeið í sumar. Uppl. í íþróttamiðstöðinni að Varmá í s: 566-6754. Skráning hefst 22. apríl.

SUMARNÁMSKEIÐ TÓMSTUNDASKÓLANS

Ljósmynda-, stuttmynda-, brúðuleikhús-, krakkajóga-, myndlistarnámskeið og margt fl. Nánari upplýsingar og skráningar eru á www.tomstundaskolinn.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ÖLL NÁMSKEIÐIN ER AÐ FINNA Á MOS.IS

ÆVINTÝRA- OG ÚTIVISTARNÁMSKEIÐ MOSVERJA

Námskeiðin eru tilvalin fyrir hressa krakka sem vilja fara í alvöru ævintýri í sumar. Nánari upplýsingar Inga@mosverjar.is og í síma 823- 8089.

www.mos.is

Stebbi og Eyfi fluttu öll sín þekktustu lög í Hraunhúsum.

Meistaraflokkstelpurnar María Rannveig, Kristín og Elín.

Elín og Halldóra stóðu í ströngu við skipulagninguna.

Styrktarkvöld í Hraunhúsum fyrir meistaraflokk kvenna í knattspyrnu

Stebbi og Eyfi trylltu kvenfólkið

Föstudagskvöldið 16. apríl fór fram konukvöld í Hraunhúsum. Kvöldið var haldið til styrktar meistaraflokki kvenna sem spilar í efstu deild. Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson fluttu öll sín bestu lög við góðar undirtektir.
Einnig var kynnt samstarf Aftureldingar og Bleiku slaufunnar og fengu stelpurnar töluvert af áheitum fyrir sumarið en hægt er að heita á stelpurnar ákveðinni upphæð fyrir hvert mark sem þær skora á tímabilinu. Ágóðinn skiptist svo jafnt á milli meistaraflokks kvenna og Bleiku slaufunnar sem er átaksverkefni Krabbameinsfélags Íslands.
Tónleikarnir heppnuðust vel og kunnu konurnar vel að meta flutning þessara frábæru tónlistarmanna.

Tryggvi Þorsteinsson kynnir fyrir gestum samstarfið við Bleiku slaufuna.

AFMÆLISTÓNLEIKAR

ÁLAFOSS KÓRINN
STOFNAÐUR ÁRIÐ 1980

30 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
ÁLAFOSSKÓRSINS VERÐA:

Í Guðríðarkirkju, Grafarholti, laugardaginn 24. apríl, kl. 15.00
OG
Bókasafni Mosfellsbæjar, mánudaginn 26. apríl, kl. 20.30

Á efnisskrá tónleikanna eru lög sem kórinn hefur sungið í gegnum tíðina.

STJÓRNANDI KÓRSINS ER Helgi R. Einarsson

MEÐLEIKARAR ERU:
Arnhildur Valgarðsdóttir, píanó; Hans Þór Jensson, saxófónn;
Kristjana Helgadóttir, þverflauta.
Kórfélagar syngja einsöng með kórnum.

Í lok tónleikanna á laugardeginum verður boðið í kaffihlaðborð
að hætti Álafosskórsins.

MIÐAVERÐ ER 1500 KRÓNUR

ELDING líkamsrækt

TILBOÐ:

Tilboð 1: 12.500 kr og þú æfir út sumarið
Tilboð 2: Tveir fyrir einn
Tilboð 3: „Fjölskyldan í form" Þú kemur og semur – frábært verð

Áttu ónýtta frístundaávísun? Hún gildir sem árskort

NÁMSKEIÐ 3. - 28. MAÍ

LÍFSSTÍLSNÁMSKEIÐ ELDINGAR – FYRIR STELPUR Í 9. OG 10. BEKK
FJÖLBREYTT HREYFING – MATARÆÐI – LÍFSGLEÐI
Tími: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 16:00
Upplýsingar gefur Yvonne – einkaþjálfari í 696-9269
Verð: 10.000 kr

NÁMSKEIÐ 3. - 28. MAÍ

LANGAR ÞIG AÐ AUKA HJÁ ÞÉR LÍKAMLEGA- OG ANDLEGA VELLÍÐAN?
Ertu of þung/ur? Langar þig í fjölbreytta og skemmtilega hreyfingu? Vantar þig hjálp við mataræðið?
Útiganga – sundleikfimi – æfingar í sal og tækjasal ofl.
Tími: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
06:00-07:00 eða 17:30-18:30
Upplýsingar gefur Yvonne – einkaþjálfari í 696-9269
Verð: 15.000 fyrir námskeiðið eða 18.000 og aðgangur í ELDINGU í 4 vikur

Árskort á 45.000 kr – frítt í sund

Fréttir

VIÐ ERUM Á RÉTTRI LEIÐ,
KRÖFTUGUM, ÁHUGASÖM

VINSTRI

FRAMBOÐSLISTI VINSTRI HREYFI
MOSFELLSBÆ FYRIR BÆJARSTJÓ

1.

Karl Tómasson
Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

2.

Bryndís Brynjarsdóttir
Formaður menningarmála-nefndar Mosfellsbæjar

3.

Sigurlaug Ragnarsdóttir
Listfræðingur

4.

Högni Snær Hauksson
Varaformaður íþrótta- og tómstundarnefndar.

9.

Höskuldur Þráinsson
Prófessor við Háskóla Íslands

10.

Jóhanna B. Magnúsdóttir
Formaður fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

11.

Jón Davíð Ragnarsson
Rafvirki

Öflug
o
vidtæk

WWW.VG

Gleðilegt
SUMAR
Mosfellingar

Við Vinstri græn í Mosfellsbæ h
að mörkum við að gera fallega

Við göngum með ánægju til koma
loknu farsælu kjörtímabili

HÖLDUM ÞVÍ ÁFRAM MEÐ
UM OG HUGMYNDARÍKUM
GRÆNUM

Fréttir

NGARINNAR GRÆNS FRAMBOÐS Í
RNARKOSNINGARNAR 29. MAÍ 2010

5.

Ólafur Gunnarsson
Varaformaður skipulags- og byggingarnefndar

6.

Ingibjörg B. Ingólfsdóttir
Lesblinduráðgjafi

7.

Bjarki Bjarnason
Rithöfundur og framhalds-skólakennari

8.

Íris Hólm Jónsdóttir
Söngkona

t fólk
g
reynsla

12.

Elísabet Kristjánsdóttir
Formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar

13.

Birgir Haraldsson
Verkstjóri og söngvari

14.

Gísli Ársæll Snorrason
Verkstjóri áhaldahúss Mosfellsbæjar

gmos.is

öfum sannarlega lagt okkar
n og góðan bæ enn betri.

ndi bæjarstjórnarkosninga að
sem við erum stolt af.

MEÐ OKKUR KOM
FERSKUR BLÆR Í
BÆJARMÁLIN

ÞEMADAGAR Í LÁGA

Þemadagar voru hjá krökkum og unglingum í Lágafellsskóla dagana 23.-25. mars. Allir 681 nemandinn í Lágafellsskóla frá 1.-10. bekk tóku þátt í íþróttaþemadögum.

Í boði voru fótbolti, fréttahópur, brennó, golf, skák, tíska og íþróttir, frægt íþróttafólk og pílukast/borðtennis. Vinsælasti hópurinn var fótbolti og brennó. Flestir strákar en nokkrar stelpur völdu sér fótbolta, en það voru sirka jafnmargar stelpur og strákar í brennó.

Á miðvikudaginn var hægt að fara í ferðir t.d. skíði, sund og skauta, en 10. bekkur fékk að gista í Bláfjöllum eina nótt þar sem þau fóru í skíðaferð. Það sem enginn snjór var í fjallinu fóru nemendur í hellaskoðun. Þemadagarnir enduðu á árshátíð hjá eldri deildinni. Hljómsveitin Bermuda spilaði brjálaða tónlist á hátíðinni.

Frétta- og ljósmyndahóparnir voru starfandi í bólinu og má sjá afrakstur þeirra hér á síðunni.

Karin Eva Hermannsdóttir og Brynhildur Hallgrímsdóttir

UNGLINGURINN

Nafn: Bryndís Rut Óskarsdóttir
Aldur: 14 verð 15, 6. apríl
Bekkur: 9. ÝÞ
Hvaða íþrótt æfir þú? Handbolta
Hvaða afrek hefur þú náð í íþróttum? Ég komst í unglingalandsliðið í handbolta
Hver er fyrirmynd þín? Fólkið sem ég umgengst!
Áttu einhver önnur áhugamál? Já, ég elska að syngja
Hvaða framhaldsskóla langar þig að fara í? Mig langar að komast inn í MA, MS, MR eða Versló
Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Spila handbolta...
Heitasti leikarinn? Brad Pitt , en Orlando Bloom er líka heitur.
Finnst þér þú vera skinka? Já, NEIIII!!
Hvernig fannst þér á Samfés? Mér fannst GEÐVEIKT á Samfés!!
Hvernig sjónvarpsþætti horfir þú á? Ég elska 90210 og One Tree Hill
Uppáhalds litur? Blár
Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur =)
Hvaða liði heldur þú með í enskum fótbolta? Liverpool :D
Ætlar þú að taka þátt í Samfés á næsta ári? Já, ég ætla að reyna =)

Árshátíð Lágó 2010

Viðtal við Harald bæjarstjóra Mosfellsbæjar



Í hvaða skóla varst þú í á tánings-aldri?
Í Varmárskóla
Hvert var uppáhaldsfagið þitt?
Landafræði
Varstu erfiður unglingur?
Já og nei... ég var ekki sá hlýðnasti
Sóttirðu einhverja félagsmiðstöð?
Nei, það var engin félagsmiðstöð. Í staðinn æfði ég fótbolta með Aftureldingu. Og svo vann ég við það að reka kindurnar á bænum á morgnana og kvöldin.
Í tilefni íþróttaþema í Lágafellsskóla, hver er uppáhalds íþróttin þín?
Ég horfi mest á fótbolta í sjónvarpinu, en annars spila ég golf... og svo vann ég borðtenniskeppni þegar ég var 12 ára.
Hvað varð til þess að þið ákváðuð að stofna Krikaskóla?
Það var búið að byggja nýtt hverfi og það þurfti skóla fyrir börnin. Það átti upprunalega að vera leikskóli en þróaðist síðan í skóla sem er bæði á leikskóla- og grunnskólastigi, þannig að krakkarnir sem sækja skólann eru á aldrinum eins til níu ára.
En finnst þér persónulega góð hugmynd að lengja skólaárið svona mikið eins og er gert í Krikaskóla?
Já, mér finnst það. Það er ekki þannig verið að setja fyrir meira nám, heldur er þetta hugsað þannig að börnin fá meiri þjónustu bæði námslega og tómstundarlega séð.
Mundirðu segja að þú sért spenntur fyrir stofnun skólans?
Já, ég myndi segja það.
Og að lokum... hvernig er að vera bæjarstjóri? Má maður sofa út og allt?
Það er bara mjög gott að vera bæjarstjóri. Það er að sjálfsögðu líka krefjandi en ég hef mjög gaman af starfi mínu og vona að ég geti haldið áfram því starfi í framtíðinni. Ég fer að sofa fyrir miðnætti og mæti í vinnu kringum kl.7 það kalla ég að sofa út...

Sara, Anna María, Sindri og Snorri

AFELLSSKÓLA

Viðhorfskönnun um Lágafellskóla og Bólið

Vilja aðskilja eldri deildina í Lágafellskóla frá yngri deild

Á þemadögum var spurt um viðhorf unglinga í skólanum og félagsmiðstöðinni. Tuttugu ungmenni á aldrinum 13-16 ára voru spurð þar af átta stelpur og tólf strákar.
Krökkunum finnst skólinn mjög fínn en þegar þeir voru spurðir um matinn voru felstir óánægðir með hann og vildu meiri fjölbreytni og áberandi var að stelpurnar svöruðu því að þær vildu líka hafa salatbar en mörg vildu ekki fisk.
Þegar ungmennin voru spurð um hvað þeim fyndist vanta í skólann þá sögðu sum að þau vilji breyta setustofunni, fá tónlist, nammisjálfsala og salatbar.
Þegar krakkarnir voru spurð um kennarana í skólanum þá voru flestir ánægðir með kennarana.
Aðspurð um húsnæði skólans þá vildu flest ungmennin fá sér húsnæði fyrir eldri deildina og fannst ekki spennandi að hafa yngri krakka í sömu stofum og að þeir noti sömu skápa og þau, þeim finnst einnig pirrandi að þau séu að hlaupa á göngunum.
Flestöll voru mjög ánægð með félagsmiðstöðina Bólið og sögðu geðveikt gúrmeh að vera þar.
Aðspurð um hvað þeim fyndist vanta í Bólið voru svörin misjöfn en sum voru um að fá stærra hús, nýja leiki, bandhero og meira dót. Einn vildi nýtt þythokkíborð.
Þegar krakkarnir voru spurðir um starfsfólk Bólsins þá voru flestir sammála um að þau séu mjög skemmtileg.

Berglind og Þórður 9. bekk, Finnbogi 8. bekk og Ása Hrund 10. bekk.

Skíðaferð stjörnuleiks Bólsins!

Í vetur hafa unglingar félagsmiðstöðvarinnar Bólsins verið í svokölluðum stjörnuleik. Stjörnuleikurinn er þannig að krakkarnir eru í 3-4 manna liðum. Liðin halda kvöld og skemmtanir og fá í staðinn stjörnur.

Einnig geta liðin fengið fleiri stjörnur fyrir starf í þágu Bólsins, með því t.d. að taka til eftir skemmtanir, búa til auglýsingar fyrir atburði og fleira. Í lok vetrar fer Bólið í skíðaferðalag til Akureyrar sem tíu efstu liðin fá að fara með í og liðið sem er með flestar stjörnur fær að fara frítt. Akureyrarferðin í ár var 9.-11. apríl og farið var með rútu norður í samfloti með félagsmiðstöðinni á Seltjarnarnesi.

Við mælum eindregið með þessum leik því hann er einstaklega skemmtilegur og kemur með líf í félagslífið! BAMM

Bryndís Ósk, Bryndís Rut og Dagur Alex <3

Hellaferð

Þann 24. mars fór hluti 9. bekkjar í hellaskoðunarferð í Bláfjöll. Það snjóaði þegar bekkurinn kom, en hann var ekki nægur til þess að geta skíðað eins og búist var við.
Krakkarnir gengu að Djúpahelli og var hann snævi þaktur nema lítið op sem krakkarnir nýttu sér til þess að komast niður í hellinn. Hann var dimmur og því voru flestir með vasaljós. Hellirinn var stór og í honum miðjum var stigi til að komast upp á syllu, en stiginn var ekki góður og því erfitt að fara upp og niður. Sumir krakkarnir reyndu að komast innst í hellinn en þar sem voru stórir og fallegir dropar úr ís. Þegar krakkarnir fóru út úr hellinum var hægt að fara í annan minni helli rétt hjá. Eftir hann ætluðu nemendurnir í Langahelli en snjórinn umlukti opið og kennararnir vildu ekki hætta á nein slys og héldu með nemendurna í skála til að borða nesti. Eftir þessa ferð voru allir ánægðir með daginn.

Brynhildur, Edda,Petra, Sara og Anna Sóley. 9. AÁ

SUNDLAUGIN
LÁGAFELLI

Sumaropnun 2010

Opið virka daga
kl. 06:30 - 21:30

Um helgar
kl. 08:00 - 19:00

MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE

Kaffidrukkinn ís
(gelato affogato al caffè)

1 espressobolli af
nýlöguðu Lavazza
Qualità Rossa kaffi
3 vanilluískúlur
2 fingurkex (ladyfingers)

Brjótið fingurkex í tvennt og komið fyrir í desertglasi, ískúlur þar ofan á og kældu kaffinu hellt yfir. Et voilà!

Hversdagslegri útgáfa:

Ískúlum komið fyrir í víðum bolla og kældu kaffinu hellt yfir.

Íbúaþing um nýja skólastefnu

Laugardaginn 24. apríl verður haldið skólaþing í Lágafellsskóla þar sem lögð verður fyrir lokaútgáfa af nýrri skólastefnu Mosfellsbæjar og tækifæri gefst til að koma með síðustu athugasemdir.

Þingið hefst kl. 9 með kynningu á skólastefnunni og í framhaldi af því verður unnið í hópum að lokayfirferð og lýkur þinginu með samantekt frá hópum.

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

SUMARGLAÐNINGUR!
Mosfellingar og nærsveitarmenn

Saumastofa ÍSLANDS | LOST | Innrömmun Mosfellsbæjar

Þar sem framkvæmdum við flutninginn á fyrirtæki okkar í Háholt 24 Mosfellsbæ er nú að mestu lokið höfum við ákveðið að hafa 20% opnunnar- og kynningarafslátt á öllum tilbúnum vörum í versluninni föstudaginn 23., laugardaginn 24. og mánudaginn 26. apríl.

Gleðilegt sumar
og þökkum fyrir veturinn

Lítið inn og gerið góð kaup

Höfum ekki tölu á tölunum okkar!

Allir velkomnir

Handverksmarkaður helgina 24 & 25. apríl í Hraunhúsum.

HRAUNHÚS
MAGMATIKA DESIGN STORE
Völuteigur 6 - 270 Mosfellsbæ

***Handverksfólk selur og kynnir sínar vöru á markaðnum**
***Opið verður fyrir gesti inn á vinnustofur í Hraunhúsum**
***Vörukynningar hönnuða í Magmatika design store**
***Sýning um bækur Halldórs Laxness.**
***Kaffihúsið verður opið alla helgina**



Nánari upplýsingar um markaðinn
handverk@hraunhus.is
555 6054 / 8420402
www.hraunhus.is

GLEFSUR

12 einþáttungar. Efnistök eru fjölbreytt, allt frá gríni til djúpra meininga. Samnefnarinn er að glefsað er í áhorfendur og skildar eftir spurningar frekar en svör.

Umsagnir áhorfenda:

"kemur við mann"

"fossinn er snilld"

"er Guð kona?"

"ansi hreinskilið"

"átti alls ekki von á þessu hjá leikfélaginu"

Sýningin er ekki ætluð börnum

Miðapantanir í síma 566 7788, sýnt sunnudagskvöldin 25. apríl og 3. maí í Bæjarleikhúsinu. Leikfélag Mosfellssveitar.

OPIÐ Í HÚS Í ÞVERHOLTI

Sjálfboðamiðstöðin Þverholti 7 er opin alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10-14. Alltaf heitt á könnunni, nettengdar tölvur og fjölbreyttir ókeypis viðburðir í boði.
Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar á síðunni www.redcross.is/kjos og síma 898-6065.

Næstu viðburðir á opnu húsi eru:

Þriðjudagur 27. apríl:
Spænska – Viltu æfa þig í að tala spænsku? kl. 11

Fimmtudagur 29. apríl: Qui - Gong – Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson, Qui – Gong iðkandi kl. 11
Öndun og slökun – Art of Living. Æfingar sem auka orku og einbeitingu kl. 12:30.

Þriðjudagur 4. maí: Ísgerð heima – Bragðgott og hressandi. Nýstárlegar aðferðir við að búa til gómsætan ís kl. 11

Fimmtudagur 6. maí: Sushi gerð – sýnikennsla og smakk kl. 11

Þriðjudagur 18. maí: Hvernig stöndumst við álag - hvað fær okkur til að snöggreiðast og pirrast? kl. 11

Fimmtudagur 20. maí: Gaman saman – Leikir og ljóð kl. 11

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

Vortónleikar 2010 í Guðríðarkirkju
Fimmtudagur 29. apríl kl. 20
Laugardagur 1. maí kl. 16
Miðar seldir við innganginn, verð kr. 2.500

Fjölbreytt efnisskrá með lögum eftir Emil Thoroddsen, Bellman ofl. Nýjar útsetningar á klassískum dægurlögum

Einsöngvarar:

Jóhannes Freyr Baldursson
Jón Magnús Jónsson
Sigurður Hansson
og
KK kvartett

Hljóðfæraleikur:

Benedikt Brynleifsson, trommur
Daði Þór Einarsson, básúna
Helgi Pálsson, trompet
Jón Bjarni Jónsson, bassi
Jón Elfar Hafsteinsson, gítar
Kjartan Valdimarsson, píanó

Sérstakur gestur:
Bjarni Arason

www.karlakor.is

Förum heilbrigð inn í sumarið

MOSFELLSBÆR

Heilsuvika í Mosfellsbæ 3. - 8. maí

Vikan 3. til 8. maí verður heilsuvika í Mosfellsbæ. Mosfellingar eru af því tilefni hvattir til að nota tækifærið og skerpa á heilbrigðum lífsháttum sínum. Heilsuvika í Mosfellsbæ er tilvalið tækifæri til þess að setja af stað eitt allsherjar fjölskylduátak þar sem allir taka höndum saman í eina viku og neyta hollrar fæðu og stunda útivist og hreyfingu og fara þannig saman heilbrigð inn í sumarið.

Dagskrá Heilsuviku:

- Fellaþrenna, allir geta farið á eitt, tvö eða þrjú, Helgafell, Úlfarsfell og Reykjafell og sótt þar miða sem er í boxi hjá appelsínugulri veifu, skráð nafn sitt á miðann og skilað í íþróttahúsið að Varmá. Útdráttarverðlaun - þrír heppnir fellafarar fá vinning.
- Brennókeppni fimmtudaginn 6. maí kl. 20 á sparkvelli Lágafellsskóla.
- Heilsudagurinn 8. maí .

Heilsutengd skemmtidagskrá verður í Íþróttamiðstöðinni að Varmá milli 12 - 14
Boðið verður upp á fjölskyldu- og skemmtihlaup fyrir unga sem aldna.

Tímasetning á hlaupi:

12:00 Leikskólahlaup einn hringur á íþróttavellinum. Fígúrur frá Leikfélagi Mosfellssveitar leiða hlaupið. Að hlaupinu loknu fá öll börn verðlaunapening
12:30 Ræst af stað frá íþróttavellinum í 3 km og 5 km hlaup/göngu

Allir fá verðlaunapening að hlaupi loknu
Frítt í sund fyrir alla í Varmárlaug kl. 10-15. Hoppukastali fyrir börnin.

Himnesk hollusta

Heilsugúrúinn Sólveig Eiríksdóttir, Solla, sem rekur heilsufyrirtækið Himneska hollustu, verður með ýmis konar fróðleik um hollustu og heilbrigt mataræði og miðlar af þekkingu sinni í matreiðslu og neyslu grænmetisfæðis.

Ráðgjöf um mataræði

Guðrún Adólfsdóttir matvælafræðingur frá Sýni verður á staðnum milli kl. 12 og 14 og svarar öllum spurningum er tengjast næringu – munið að allar spurningar eru leyfðar.

Blóðþrýstingsmælingar og hæðarmælingar

Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslunni verður á staðnum og býður upp á blóðþrýstingsmælingar fyrir þá sem þess óska og hæðarmælingar og fleira skemmtilegt fyrir börnin.

Beinvernd

Fulltrúi frá Beinvernd, landssamtaka áhugafólks um beinþynningu, mælir beinþéttni í þeim sem þess óska, en mæling á beinþéttni er mikilvægur þáttur eða vísbending sem segir til um hættuna á því að brotna af völdum beinþynningar.

Dagskrá heilsuvikunnar verður kynnt nánar á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Stýrihópur lýðheilsuverkefnisins „Allt hefur áhrif – einkum við sjálf“ í Mosfellsbæ

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

HARÐAR FRÉTTIR
Fréttabréf Hestamannafélagsins Harðar - Kemur nú út á síðum Mosfellings nokkrum sinnum á ári

DAGSKRÁIN FRAMUNDAN

22. apríl
Tiltektardagur
Umhverfisnefndar

24. apríl
Fjölskyldureiðtúr
Æskulýðsnefndar

?? apríl
Óvissuferð, nánar auglýst síðar

?? apríl
Notkun hlífa og stanga
við keppni – Súsanna Ó.
Nánar auglýst síðar

1. maí
Fákur og Gustur ríða
til Harðar.

1. maí
Firmakeppni Harðar.

8. maí
Fjárborgarreið

9. maí
Kirkjureið

?? maí
Harðarkonur keyra hesta
til Gusts og ríða út.
Nánar auglýst síðar.

14.-16. maí
Opna íþróttamót Harðar.

29. maí
Náttúrureið

1.-2. júní
Fyrri umferð fyrir úrtöku
fyrir landsmót LH.

4.-6. júní
Gæðingakeppni Harðar
og seinni umferð úrtöku
fyrir Landsmót LH.

16.-18. júní
Sumarsmellur Harðar
opið íþróttamót í
fullorðinsflokkum.

18.-20. júní
Jónsmessureið

?? júní
Kvennareið á Kjalarnes
til Völlu

Hörður tók þátt í stórsýningunni Æskan og Hesturinn í mars síðastliðnum, krakkarnir í Herði sýndu þar mikil tilþrif í Smalakeppni og hér sést Fanney Pálsdóttir ljúka þrautinni með tilþrifum á hesti sínum, Hektori frá Hraunsnefi.

Ekki voru tilþrifin minni hjá Hrönn Kjartansdóttur á Mola en hann er traustur og áræðanlegur eins og sjá má. Fullt var út úr dyrum báða dagana í Reiðhöllinni í Víðidal.

Krakkarnir í Herði ákváðu líka að varpa ljósi á fyrri tíma og hér sjást stöllurnar Harpa og Katarína leika séra Halldór og spúsu hans Sigríði en Halldór reið berbakt og Sigríður í aldargömlum söðli.

Félagslífið blómstrar í

Félagslíf Harðar hefur sjaldan blómstrað sem nú. Nýja reiðhöllin hefur gefið okkur umgjörð um félagsstarfið og þar eru haldnir viðburðir sem ekki voru til fyrir tíma reiðhallarinnar svo sem smalakeppnir, sölusýning, grímutölt og kvennatölt, auk þess að vetrarviðburðir svo sem vetrarmótin hafa öll verið haldin innandyra þetta árið. Einn félagsmaður sagði við upphaf eins mótsins, þegar íslenska vetrarveðrið gnauðaði úti „Andsk... er þetta hugguleg, við förum aldrei út aftur“.

Umhverfisdagurinn verður á sumardaginn fyrsta, þann 22. apríl og eru félagsmenn beðnir um að mæta kl. 10 í reiðhöllina. Reiknað er með að tiltekt ljúki um hádegi þar sem **margir munu mæta** og vinna létt verk, og verður boðið í grillaða hamborgara og pulsur að verki loknu.

Umgengnin í hverfinu mætti vera betri, langflest okkar viljum hafa snyrtilegt í kringum okkur og eru hlutirnir í góðu lagi við flest hús. Þó eru þar undantekningar á og treystum við því að viðkomandi sjái sóma sinn í því að þrífa í kringum sig og fara eftir þeim einföldu umgengnisreglum sem gilda í hverfinu og banna m.a. heyrúllur og baggar séu geymdir úti, að annað en hross sé ekki í gerðunum, að flór flæði ekki úr taðþróm og sorp sé geymt innandyra.

Árshátíðin var haldin í lok febrúar og var fullt hús, en hætt var að selja miða þegar fjöldinn var orðinn 200 manns. Það var setið þétt, fólk skemmti sér konunglega (og vandræðalaust) og voru öll skemmtiatriði heimatilbúin sem og undirbúningur og matur. Um 200.000.- króna hagnaður varð af árshátíðinni sem vinnur að nokkru upp það tap sem verið hefur á henni undanfarin tvö ár.

Stjáni Póstur færði æskulýðsnefnd félagsins 300.000.- krónur að gjöf, en þessi heiðursmaður sem kominn er á tíræðisaldur ríður út nánast daglega. Hann er einn af stofnendum félagsins og hefur komið á allar árshátíðir félagsins frá upphafi nema eina. Við Harðarfélagar færum honum okkar bestu þakkir, ekki aðeins fyrir hina rausnarlegu gjöf, heldur einnig fyrir að vera sá frábæri félagi sem hann hefur verið í gegnum alla sögu félagsins okkar.

Skeiðsprettur í reiðhöllinni

Skeiðmenning er rík í Herði og nýjar kynslóðir taka við keflinu frá þeim eldri, Tóti í Dalsgarði, sem hefur verið nánast einráður á Ástareldi sínum undanfarin misseri, mátti lúta í gras fyrir Leó Haukssyni, en hér sjást þeir taka sigursprett í gegnum okkar glæsilegu reiðhöll og má lesa ýmislegt út úr líkamstjáningu þeirra félaga.

Hér sýndu góða samvinnu Silja Hrund og Skrámur frá Dallandi á kvennatölti Harðar í flokkinum minna vanar, en þar voru þær Silja og Erna Arnarsdóttir og Magni frá Mosfellsbæ jafnar í 1. og 2. sæti.

Einn sigursælasti atvinnumaður okkar í Hestamannafélginu Herði er Halldór Guðjónsson, Halldór hefur náð góðum árangri í Meistaradeild VÍS í vetur og góð fyrirmynd fyrir unga fólkið.

Annað vetrarmót félagsins var haldið 20. mars. Hér sjást keppendur í unglingaflokki, þær Súsanna Katarína, á Hylli frá Hvítárholti, Hulda Kolbeinsdóttir á Nema frá Grafarkoti og Margrét Sæunn á Bjarma frá Mosfellsbæ.

Það er er gaman á mótum hjá Herði, Helle Laks, kona Halldórs skemmti sér hér konunglega við verðlaunaafhendingu.

Krakkarnir eftir fjörugann páskaratleik og verðlaunaafhendingu, öll með páskaegg. Þeir sem tóku þátt voru meðal annars: Hrönn, Katarína, Harpa, Hera, Anton Hugi, Kristján, Sonja, Sara, Arndís, Klara, Linda, Oddur og Aníta.

Myndir/bsg

Verðlaunaafhending í 3. vetrarmóti Harðar. En Villhjálmur Þorgrímsson kom, sá og sigraði það, svo er það Hinrik Gylfason í 2. sæti og Hallgrímur Óskarsson í 3. sæti.

í hestamannafélaginu

Kristján Þorgeirsson (Stjáni póstur) og Guðjón Magnússon á árshátíð Harðar.

Í tilefni af 60 ára afmæli félagsins höfum við ákveðið að skrifa sögu félagsins frá upphafi. Ritnefnd hefur verið stofnuð og er Helgi Sigurðsson dýralæknir formaður hennar. Markmiðið er svo að gefa söguna út í veglega myndskreyttri bók.

Verið er að hanna viðbyggingu við Harðarból, en við réðumst í þá vinnu vegna ört vaxandi félagafjölda. Hönnunarvinnan er öll unnin í sjálfboðavinnu og er markmið okkar að fara í verkið með sama hugarfari og reiðhöllina, engar skuldsetningar en miklar sníkjur og sjálfboðavinna. Stækkunin er um 100 m2 og fellst í lengingu salarins. Salurinn verður þó skiptanlegur þannig að hægt verður að nota hann í þeirri stærð sem hann er í núna í minni samkvæmum. Að stækkun lokinni mun félagsheimilið rúma um 180 manns. Undirbúningur er hafinn, en ákvörðun um hvort farið verður í framkvæmdir verður tekin á næsta aðalfundi félagsins í haust.

Í ár er landsmótsár og munum við fjölmenna norður í sumar. Við erum vel undirbúin og ætlum okkur stóra hluti. Við komum okkur fyrir í tjaldbúðum eins og venja er til, en munum leggja meiri áherslu á að halda hópnum þéttar saman en áður hefur verið. Aðstæður á Vindheimamelum eru þannig að félagshóparnir verða í tjaldbúðum sem verða sérstaklega vaktaðar og lokaðar öðrum en félagsmönnum hestamannafélagana og þar verður að vera komin á ró um miðnætti.

Yfir 100 nýir félagar hafa gengið í félagið frá áramótum og erum við nú orðnir yfir 700 félagsmenn í Herði. Dagskráin framundan er þétt og þurfa menn að hafa sig alla við ef þeir ætla að taka þátt í öllu. Viðburðirnir eru allir á dagatali Harðar á hordur.is að auki er dagskráin birt hér í Mosfellingi.

Myndirnar hér á síðunum sem flestar eru teknar eru af Bjarna í Leirvogstungu lýsa vel þeim anda sem er í félaginu þessa daganna.

Með bestu kveðju
Guðjón Magnússon formaður

Bragðað á gómsætum vöfflum eftir skrautlegan Páskaratleik Harðar þar sem einn drengurinn fékk sér hressandi sundssprett í Köldukvísl.

Kynbótaferð Harðar

Metfjöldi var í Kynbótaferð Harðar sem farin var á Suðurlandið í lok mars. Um 50 manns mættu í ferðina sem var vel heppnuð að öllu leyti. Farið var í heimsókn á hrossaræktarbúin Hjarðartún hjá Óskari Eyjólfssyni og frú, Ármót þar sem Hafliði Halldórsson tók á móti okkur, Þjóðólfshaga til Sigga Sig. og að lokum enduðum við að Hvoli hjá Ólafi H. Einarssyni.

Starfsmaður ráðinn

Guðmundur Björgvinsson hefur verið ráðinn starfsmaður Hestamannafélagsins Harðar. Um hlutastarf er að ræða og fellst það í því að halda reiðhöllinni og völlunum í standi, halda utan um aðgangslykla að reiðhöllinni og fl. Guðmundur er í reiðhöllinni seinnipart flesta daga.

Árgangamót haldið á Tungubökkum

Hið árlega Árgangamót Aftureldingar í fótbolta verður haldið 8. maí. Mótið hefst kl. 15. Sálin hans Jóns míns verður svo með ball um kvöldið að Varmá. Hver árgangur verður með sitt lið bæði karla og kvenna lið. Árgangar '64-'85 og í hverju liði leika sjö leikmenn. Þáttökugjald er 10.000 á lið. Skráning er hafin hjá Þórsa í síma 663-4432 eða thorsigurdsson@yahoo.com. Mótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og tókst mjög vel til. Ágóði af mótinu rennur til knattspyrnudeildar Aftureldingar.

Yvonne Tix hefur störf hjá Eldingu

Yvonne Tix hefur hafið störf hjá Eldingu líkamsrækt. Yvonne verður með einkatíma, hóptíma og hjónatíma auk þess sem skemmtileg námskeið verða í boði. Frekari uppl. í síma 696-9269. Elding líkamsrækt er staðsett í íþróttahúsinu að Varmá.

Silfur á Íslandsmóti í blaki

Íslandsmótið í blaki hjá 4. og 5.flokk kláraðist um síðuðsu helgi í Kópavogi. Aftureldingar sendi 2 lið í 4.fl. og eitt lið í 5.fl. á mótið.

5.fl. samanstóð af drengjum fæddum 1999 og 2000. 12 lið kepptu um titilinn í þessum flokki. Afturelding vann alla leiki sína á mótinu nema einn - sem var úrslitaleikurinn en honum töpuðu þeir á móti Skellum frá Ísafirði svo þeir hömpuðu silfrinu eftir hreinan úrslitaleik. Frábær árangur hjá þessum ungu drengjum á sínu fyrsta Íslandsmóti. *(Neðri mynd)*

4.fl. samanstóð af krökkum fæddum 1997 - sem sagt öllum á yngra árinu í flokknum. Þau spiluðu 10 leiki á og kræktu í silfrið að lokum. *(Efri mynd)*

KA vann 4.fl. en það lið samanstóð af strákum á eldra árinu svo framtíðin hjá Aftureldingarkrökkunum er björt.

Frábær árangur á Norðurlandamótinu

Telma Rut Frímannsdóttir og Kristján Helgi Carrasco sem æfa með karatedeild Aftureldingar kepptu með íslenska landsliðinu í karate á Norðurlandamótinu sem haldið var í Eistlandi 10.-11. apríl. Telma Rut stóð sig með miklum sóma en hún vann bronsverðlaun í kumite juniora -59 kg. Kristján Helgi stóð sig einnig mjög vel en hann tapaði naumlega í bardaga um bronsverðlaun í kumite.

Fimleikastelpur halda diskótek

Fimleikastelpurnar eru á leið til Svíþjóðar í æfingabúðir. Stelpurnar hafa verið í ströngum æfingum og æfa þegar mest er sex daga vikunnar 2-3 tíma í senn. Framundan hjá þeim er vormót FSÍ og æfingaferð til Svíþjóðar. Stelpurnar hafa verið duglegar að safna upp í ferðina og ætla t.a.m að halda diskótek fyrir alla krakka í 3.-6. bekk.

Diskótek í Bólinu 21. apríl
3.-4. bekkur kl. 16-17:30
5.-6. bekkur kl. 18-20
Miðaverð er 600 kr og innifalið í því er pizza og gos. Við hvetjum alla til að koma og skemmta sér.

Viltu vera með?

Stjórn knattspyrnudeildar Aftureldingar óskar eftir hressu og kröftugu fólki, konum og körlum til að starfa í stórum hópi sjálfboðaliða í heimaleikjaráði meistaraflokks kvenna og karla í sumar. Heimaleikjaráð skiptir með sér verkum við umsjón með umgjörð á leikjum meistaraflokkanna. Verkefnin eru af ýmsum toga og mjög gefandi. Stofnfundur heimaleikjaráðs verður haldinn í Vallarhúsinu við Varmá mánudaginn 26. apríl kl. 20. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og taka þátt í sumar.

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

1. árs afmæli

Af því tilefni fylgir fótakrem hverri fótameðferð í maí.

Þökkum góðar móttökur

Opið:
Virka daga kl. 10-16 en þriðjudaga 13-21
eða eftir samkomulagi

Sími: 566-6612

Nína Borg gsm: 861-4143, Auður Ósk gsm: 893-8711
löggiltir fótaaðgerðafræðinga

HERBALIFE

Kristín Rúnarsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili í 10 ár
Sími: 861-7667
kristinherbalife@gmail.com
facebook Allir fyrir Herbalife fyrir Alla

HERBALIFE

Frábær ný vara komin - Formula 1 Expess Bar
Næringarík máltíð í einni stöng!

ÍSHAMAR

Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsmíði, viðhaldsvinnu og endurbætur.
Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

✓RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil

Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari
Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

16+ FULLORÐINS FIMLEIKAR

Nú eru í boði fimleikar fyrir 16 ára og eldri.
Þetta er hópur með áherslu á alhliða hreyfingu og styrktaræfingar án þess að þátttakendur þurfi að byggja á sérstökum fimleikalegum bakgrunni. Námskeiðið byggir á alhliða fimleikaiðkun með brennslu, teygjum og styrktaræfingum og ýmiskonar fimleikaæfingum sem henta hverjum og einum. Þetta er fyrir alla eldri en 16 ára sem hafa gaman af fimleikum og vilja láta gamlan draum rætast!

Þjálfarar verða Þórir og Gerður.
Þórir þjálfar á sunnudögum kl. 11-13 og
Gerður þjálfar á miðvikudögum kl. 18:45-20:15

Endilega skráið ykkur á emailið
fimleikar@afturelding.is og mætið í prufutíma.

Viltu vera helmingi fljótari að þrífa?
Nota 90 % minna af hreinsiefnum?
Þá eru ENJO umhverfisvænu hreinlætisvörurnar eitthvað fyrir þig
Frábær tilboð á kynningum í mars og apríl

Nýr ENJO ráðgjafi í heimabyggð
Jóna Magnea Hansen
Sími: 777 3023
jonamagnea@gmail.com

ENJO® CLEAN THE WORLD

Ert þú til fyrirmyndar?
Göngu og reiðstígar eru EKKI fyrir mótorhjól.
MotoMos er með frábæra motocrossbraut fyrir þig.
Nánari upplýsingar á www.motomos.is
MotoMos Mótorhjólafélag Mosfellsbæjar

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmiðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Ábyrgðarstöður í samfélagi okkar!

Við lifum á miklum umbrotatímum. Íslenskt fjármálakerfi hrundi með tilheyrandi afleiðingum fyrir fjölskyldur og fyrirtæki í landinu. Nýlega kom út rannsóknarskýrsla Alþingis og fellir hún áfellisdóm, ekki einungis yfir bankamönnum heldur einnig stjórnmálamönnum og stjórnsýslunni allri. Almenningur á nóg með að melta þessi áfallatíðindi, þegar við bætast jarðhræringar sem ekki sér fyrir endann á. Traust og virðing almennings gagnvart fólki í ábyrgðarstöðu hefur þverrað og vonleysi og óvissa svífur yfir vötnum. Sambærilegt vonleysi varð til þess að síðastliðið vor ákvað ég að taka þátt í stjórnmálum og leggja þannig mitt af mörkum til samfélagsins. Gagnrýni mín á stjórnkerfið hefur ekki minnkað á þeim tíma og ég deili áhyggjum með fjölda fólks um framhaldið og er óróleg yfir hag einstaklinga og fjölskyldna í þessu bæjarfélagi sem og í landinu.

Að því sögðu, vil ég vekja athygli á eftirfarandi. Í Mosfellsbæ má finna heiðarlega og trausta stjórnmálamenn sem ekki gerðust sekir um að taka þátt í óðaríinu sem undirlagði íslenskt samfélag og staðfestist í nýútkominni rannsóknarskýrslu. Mosfellsbær getur státað af því að eiga oddvita meðal jafnaðarmanna sem hefur starfað fyrir bæjarbúa um langa hríð, með þeim árangri að virðing hans og vegsemd gengur þvert á flokka, menn og málefni. Jónas Sigurðsson oddviti Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ er heiðarlegur og traustur stjórnmálamaður og eru margir því til vitnisburðar. Listi Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ státar sömuleiðis af heiðarlegu og hæfu fólki úr ólíkum áttum, fólki sem ég treysti til að vinna að heilindum og í þágu okkar bæjarbúa.

Framundan eru tímar uppbyggingar og við íbúar í Mosfellsbæ göngum til sveitarstjórnarkosninga í lok maí. Gagnrýni mín á veikt stjórnkerfi, spillta stjórnmálamenn og ákvarðanir sem byggðar eru á hagsmunum sérhagsmunahópa í samfélaginu á ekki við Samfylkinguna í Mosfellsbæ, hvað sem öðru líður. Á þeim erfiðleika- og umbrotatímum sem við göngum nú í gegnum er mikilvægt að benda á það sem vel er gert. Við þurfum að gefnu tilefni að vanda vel valið þegar við kjósum einstaklinga til að gegna ábyrgðarstöðum fyrir bæjarfélagið.

Ég hvet fólk til að kynna sér vel fyrir hvað flokkarnir og fólkið stendur fyrir væntanlegar sveitarstjórnarkosningar. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri-Grænir geta ekki firrt sig ábyrgð á hálfbyggðum húsum og hverfum, skólum sem seint verða byggðir og ljósastaurum og vegum sem standa við tóm hverfi. Framkvæmdirnar voru unnar í nánu samstarfi við bæjarfélagið og kostuðu fjármuni. Fjármuni sem hefði verið hægt að nota til að standa vörð um velferð barna og fjölskyldna í bæjarfélaginu á niðurskurðartímum. Leiksskólagjöld hækkuðu næstum um helming þegar ég flutti frá Reykjavík til Mosfellsbæjar á sínum tíma. Ég heyri lítið talað um stuðning við fjölskyldur í vanda hér. Svona mætti lengi telja.

Meðal jafnaðarmanna í Mosfellsbæ starfar heiðarlegt og traust fólk sem ég vona að þið veljið til ábyrgðarstarfa fyrir okkur íbúa í bæjarfélaginu í komandi sveitarstjórnakosningum. Okkur veitir ekki af heiðarlegu fólki til uppbyggingar samfélagsins.

Íris Björg Kristjánsdóttir

Menningarvor í Mosfellsbæ

Menningarvor stendur nú yfir í Mosfellsbæ. Þetta er í annað sinn sem bæjarfélagið stendur fyrir þessum menningarviðburði en það var gert í fyrsta sinn í fyrra. Að þessu sinni eru þetta fjölbreyttir menningarviðburðir sem haldnir eru um allan bæ. Má sem dæmi nefna að á hverju þriðjudagskvöldi er metnaðarfull tónlistar- og menningardagskrá í Bókasafninu og á hverju fimmtudagskvöldi eru myndlistarmenn með opnar vinnustofur sínar þar sem mosfellskir tónlistarmenn flytja tónlist. Leikfélagið frumsýnir leikritið Glefsur, stuttmyndadagar verða í Hraunhúsum og leikskólar í Mosfellsbæ stóðu að menningarviku svo eitthvað sé nefnt.

Mosfellsbær er menningarbær

Í Mosfellsbæ hefur löngum verið fjölbreytt og blómlegt menningar- og listalíf. Í bænum starfa fjölmargir kórar, margt tónlistarfólk, mjög öflugt leikfélag, myndlistarmenn eru fjölmargir bæði með vinnustofur og búsetu, starf handverksfólks er blómlegt og svo mætti lengi telja. Á undanförnum árum hefur verið unnið ötuglega að því að treysta undirstöður þessa öfluga menningarlífs og er menningarvorið glöggt dæmi um það. En það eru mun fleiri verkefni sem unnið hefur verið að og má þar nefna eftirfarandi dæmi:

- Gerð hefur verið þarfagreining um menningarstarfssemi í Mosfellsbæ í samstarfi fjölmargra aðila og unnið hefur verið að menningarstefnu á grundvelli hennar og íbúaþings sem haldið var um menningarmál.
- Ráðist var í hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í miðbænum þar sem glæsilega vinningstillaga var valin.
- Framtíðarhugmyndir hafa verið mótaðar um hlutverk Hlégarðs sem félagsheimilis, leikhúss og listahúss unga fólksins í Mosfellsbæ.
- Tekið var í notkun nýtt miðbæjartorg með nýju útilistaverki.
- Bæjarhátíðin Í túninu heima hefur stækkað og dafnað og er orðin ein stærsti menningarviðburður á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári.

Ný tækifæri í boði

Á grundvelli þeirrar vinnu og stefnumörkunar sem unnin hefur verið á kjörtímabilinu er fjöldi nýrra tækifæra í boði fyrir menningarstarfssemi og menningartengda ferðaþjónustu í Mosfellsbæ. Með tilkomu framhaldsskóla og menningarhúss í miðbæinn má segja að til verði einskonar „menningarás“ sem teygir sig frá fyirhuguðum framhaldsskóla í gegnum miðbæinn, framhjá Hlégarði og Brúarlandi að Álafossi. Með þeim merka fornleifauppgreftri sem átt hefur sér stað á Hrísbrú sem og öðrum söguminjum og safninu að Glúfrasteini er kjörið tækifæri til að koma Mosfellsdal á framfæri sem einskonar sagnadal. Með því er hægt að efla menningartengda ferðaþjónustu með sérstaka sýn á sögu bæjar og sveitar. Álafosskvosin er perla sem hlúa verður að og nú standa yfir framvæmdir þar til að fegra umhverfið í kvosinni. Skemmtilegur viðburður hefur m.a. verið að festa þar rætur, MúsMos tónleikarnir, þar sem ungir tónlistarmenn troða upp á útitónleikum. Nýtt menningarhús í miðbænum, Hlégarður, Brúarland og Álafosskvos sem og Mosfellsdalurinn munu gefa Mosfellsbæ alla möguleika á að marka sér sérstöðu í menningarlífi á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Hreiðar Örn Zoega Stefánsson
9. sæti á lista sjálfstæðismanna

Opið hús

Opið hús í fuglaskoðunarhúsinu við Leiruvog í tilefni af Degi umhverfisins sunnudaginn 25. apríl frá kl. 10-15.

Fuglasérfræðingur verður á staðnum og veitir upplýsingar um fuglana á svæðinu og leiðbeinir um greiningu þeirra.

Fuglafræðingar frá East Anglia háskólanum líta við og fræða gesti um árlegar rannsóknir sínar á jaðrakan í Leiruvogi.

Mosfellingar eru hvattir til að nýta sér tækifærið og kynna sér þá góðu aðstöðu sem boðið er uppá í fuglaskoðunarhúsinu undir leiðsögn fróðra manna. Nánari upplýsingar má finna á www.mos.is/fuglaskoðun.

Aðgerðaráætlun í Staðardagskrá 21

Í grein sem ég skrifaði í Mosfelling í október á síðasta ári gagnrýndi ég meirihluta bæjarstjórnar fyrir að ný framkvæmdaáætlun fyrir Staðardagskrá 21 hafði þá ekki litið dagsins ljós. Gagnrýnin var m.a. sett fram vegna þess að þá hafði Mosfellsbær gefið út bækling sem inniheldur stefnumótun bæjarins um sjálfbæra þróun. Fulltrúar meirihlutans í bæjarstjórn voru stoltir af þessu framtaki og töldu sig jafnvel í fararbroddi í umhverfismálum á Íslandi. Í greininni benti ég á að það að standa sig vel í umhverfismálum fælist ekki eingöngu í að marka stefnu á blaði. Orð hefðu lítið gildi í þessu samhengi ef þeim væri ekki fylgt eftir í verki.

Í febrúar á þessu ári héldu bæjaryfirvöld íbúaþing þar sem kallað var eftir hugmyndum og tillögum íbúa um lýðræði, lífsgæði og sjálfbæra þróun í bænum. Framtakið var lofsvert og vakti vonir um stefnubreytingu bæjaryfirvalda í umhverfismálum. Meirihlutinn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú, korteri fyrir kosningar, lagt fram það sem kallað er aðgerðaráætlun Mosfellsbæjar í Staðardagskrá 21 til 2020. Skjalið er 12 blaðsíður og eru þar dregnar fram áherslur í ýmsum málaflokkum í anda sjálfbærrar þróunar. Undir hverjum áherslulið eru svo tíundað verkefni sem vinna á að til að ná settu marki. Allt er þetta vel unnið og lofsvert í sjálfu sér. Til að plaggið stæði undir nafni sem aðgerðaráætlun hefði þó þurft að útfæra verkefnin sem ráðast á í nánar, svo ekki sé minnst á að þeim væri raðað í forgangsröð eða lagðar fram tímaáætlanir um hvenær þau skuli unnin. Sem dæmi um orðalag verkefna í aðgerðaráætlunninni má nefna eftirfarandi: *Stuðlað verði að eflingu lífrænnar ræktunar í bæjarfélaginu; Stefnt verði að tvöföldun fráveitulagna þar sem mögulegt er og kannaðir verði möguleikar á frekari hreinsun regnvatnsfrárennslis; Lögð verði áhersla á verndun strandlengjunnar og leirunnar við Mosfellsbæ; Unnið verði áfram að uppsetningu útikennslusvæða til notkunar fyrir skóla í Mosfellsbæ; Hvetja íbúa til samstöðu og samhjálpar hver við annan, m.a. með því að hvetja þá til stofnunar íbúasamtaka og að takast á við sameiginleg verkefni svo sem nágrannavörslu og foreldrarölt; Leikvellir og umgjörð þeirra stuðli að heilsueflingu og hreyfingu; Upplýsingar um útivistarsvæði og náttúruperlur í Mosfellsbæ verði bættar og gerðar aðgengilegri almenningi.* Að mínum dómi er hér um vel útfærða viljayfirlýsingu að ræða frekar en aðgerðaráætlun.

Eitt af því sem felst í Staðardagskrá 21 er áhersla á íbúalýðræði. Á undanförnum árum hefur verið deilt um staðsetningu nýrrar kirkju í bænum. Á síðasta bæjarstjórnarfundi lagði minnihlutinn í bæjarstjórn fram tillögu um að að samhliða næstu bæjarstjórnakosningum færi fram kosning um staðsetningu kirkjunnar. Meirihlutinn sýndi afstöðu sína til íbúalýðræðis með því að fella tillöguna og meina þannig íbúum bærjarfélagsins að hafa raunveruleg áhrif.

Hanna Bjartmars Arnardóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

www.rafsjon.net
vefsíðugerð - umbrot - nafnspjöld
Mosfellingar fá 10% afslátt af allri þjónustu
Rafsjón ehf - s: 690 8279 - rafsjon@rafsjon.net - www.rafsjon.net

Sjúkraþjálfun & Sjúkrarudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23
WWW.ALAFOSS.IS

Rétt hjá JÓA
Réttingar og sprautun
Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497
www.retthjajoa.is

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.
JARÐMÓTUN EHF
Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 536 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Metnaðarfullt skólastarf

Við Mosfellingar getum verið stoltir af því frábæra skólastarfi sem fram fer í Mosfellsbæ á öllum skólastigum. Á síðustu árum hefur skólastarfið verið í stöðugri þróun og sókn og er það fyrst fremst að þakka því góða starfsfólki sem starfar í skólum bæjarins. Grunnskólar Mosfellsbæjar hafa komið vel út í samræmdum prófum sem er jú einn mælikvarði á gæði. En mælikvarðarnir eru fleiri og nefna má að skólarnir okkar hafa hlotið styrki úr þróunarsjóði grunnskólanna fyrir framúrskarandi verkefni af ýmsum toga.

Við sjálfstæðismenn höfum skýra stefnu í að styðja við metnað og faglegt starf skólanna. Við höfum lagt áherslu á samþættingu skóladags yngstu barnanna með samblandi af tómstunda- og fræðslustarfi. Einnig höfum við lagt áherslu á valfrelsi í skólamálum þar sem hver skóli fær tækifæri til að þróa sérstöðu sína og foreldrar hafa svo val um hvaða skóli hentar þeirra barni best.

Menningarvika leikskólanna

Nýafstaðin er menningarvika leikskólanna. Glæsileg listasýning var í Kjarna þar sem börnin komu í hópum að syngja fyrir foreldra og gesti. Börnin fyllast stolti við að sýna starf sitt og fyrir foreldrana er þetta ómetanlegt. Menningarvika leikskólanna er frábært verkefni og eiga leikskólastarfsmenn og börnin hrós skilið fyrir vinnu sína við að gera þessa sýningu að veruleika.

Foreldravika í Lágafellsskóla

Foreldraviku er nýlokið í Lágafellsskóla en þetta er í annað sinn sem hún er haldin. Verkefnið er samstarf foreldrafélagsins og skólans. Í vikunni er foreldrum boðið að koma og fylgjast með kennslustundum og taka þátt í daglegu starfi. Foreldrum gefst einstakt tækifæri til að upplifa hvernig skóladagurinn gengur fyrir sig og hvernig kennslu barnanna er háttað. Frábært verkefni sem við vonum að sé komið til að vera.

Sjálfbær þróun í Varmárskóla

Varmárskóli hefur á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á umhverfi og menntun til sjálfbærrar þróunar í starfi skólans. Skólinn hefur verið leiðandi í Mosfellsbæ í þessu verkefni og aðrar stofnanir hafa leitað til skólans, auk þess margir gestir hafa heimsótt skólann á undanförnum misserum til að læra af skólafólkinu okkar þar. Þá hefur skólinn unnið að þróunarverkefni um útinám og mótun útikennslusvæðis við Varmárskóla og stigið fyrstu skref í að færa líf í ævintýragarð Mosfellsbæjar með staðsetningu útikennslusvæðisins þar.

Heilsdagsskóli – skóli famtíðarinnar

Nútíma samfélag gerir kröfu um heilsdagsskóla fyrir yngstu börnin. Í Mosfellsbæ hefur þjónusta frístundaseljanna þróast mikið. Íþróttafjör Aftureldingar er nýjasta viðbótin þar sem börnin fara tvisvar í viku í íþróttahúsið og kynnast hinum ýmsu íþróttagreinum. Í Krikaskóla er gengið lengra með þessa samþættingu og aðlögun að nútíma samfélagi en þar er skólaár barnanna 200 dagar í stað 180. Þar er skólinn opinn frá 7:30 til 17 og er skólastarf, tómstundastarf, rólegar stundir og val fléttað saman með metnaðarfullum og spennandi hætti.

Það er óhætt að segja að skólastarf í Mosfellsbæ hefur verið leiðandi á landsvísu og við viljum að svo verði áfram. Þrátt fyrir núverandi erfiðleika í efnahagslífinu og þar af leiðandi minni fjármuni til ráðstöfunar stöndum við vörð um faglegt starf innan skólanna okkar og viljum að hér eftir sem hingað til muni skólar í Mosfellsbæ blómstra.

Bryndís Haraldsdóttir,
3 sæti á lista sjálfstæðismanna
Hafsteinn Pálsson,
4. sæti á lista sjálfstæðismanna

Um fjölbreytta útivistarmöguleika Úlfarsfells

Að undanförnu hafa hjónin Guðjón Jensson og Úrsúla Junemann ásamt Sesselju Guðmunsdóttur skrifað ágæta og fróðlega pistla um fjölbreytt notagildi Úlfarsfells til útivistar á öllum tímum árs, nú síðast Úrsúla í síðasta tölublaði. Hún vekur t.d. athygli á athyglisverðri gönguleið upp á fellið um skógræktarsvæðið ofan við Vesturlandsveg, þar sem hægt er að njóta friðsældar í skóginum og mismunandi gróðurbelta þrátt fyrir nálægð við þjóðbrautina. Ábending Úrsúlu er þakkarverð því án efa er hér um að ræða skemmtilega leið, sem margir eiga eftir að spreyta sig á, þar á meðal við, mennirnir þrír. Þó má reyndar geta þess að einn okkar gróðursetti þarna ófáar trjáplöntur í hlíðinni á sínum yngri árum. Hann ber mikla ábyrgð á því að nú er þar risinn heljarinnar skógur sem dreifist orðið um stofur höfuðborgarbúa um hver einustu jól.

Úrsúla telur að vegurinn, eða öllu heldur jeppaslóðinn, uppá Úlfarsfell hafi upphaflega orðið til vegna ólöglegs utanvegaaksturs, sem aðrir hafi síðan fylgt eftir í áranna rás. Þetta mun ekki vera rétt. Upphaflega lagði breski herinn þennan veg vegna starfsemi sinnar hér á landi og í kjölfarið, eða uppúr 1980, bar svo Grímur S. Norðdahl, bóndi að Úlfarsfelli í Mosfellssveit efni í veginn. Tilgangur Gríms með þessu kostnaðarsama verkefni var fyrst og fremst sá að gera leiðina færa þeim sem ekki geta gengið hana á tveimur jafnfljótum eins og við erum flest svo lánsöm að geta.

Úrsúla stingur upp á að borið verði í veginn og hann gerður varanlegur og akfær öllum venjulegum bílum þannig að koma megi í veg fyrir utanvegaakstur. Þetta er gott og gilt sjónarmið. Við erum þó fremur þeirrar skoðunar að halda slóðanum sem frumstæðustum en gera þær hliðarráðstafanir, sem orðið geti til þess að menn haldi sig á einni ákveðinni slóð upp og um fellið. Hverjar þær eiga að vera og fjármagnaðar af hverjum, skal ósagt látið að sinni.

Bolli Valgarðsson, Ríkarður Már Pétursson og Skúli K. Skúlason

Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Þökkum frábærar viðtökur

Gleðilegt sumar

Opið alla daga kl. 11-22
nema sunnudaga kl. 12-22

Cafe Kidda Rót
Háholti 13-15 Sími 552-8002
www.cafekiddarot.is

CAFE Kidda RÓT Restaurant - Bar

Heilbrigðir lífshættir

Allt hefur áhrif, einkum við sjálf! er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar sem unnið er í samstarfi við sveitarfélög á Íslandi. Verkefnið hefur það að markmiði að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna og fjölskyldna þeirra með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði. Þar er meðal annars verið að bregðast við þeirri þróun að kyrrseta er að aukast og neysluvenjur að breytast. Samkvæmt niðurstöðum frá skólasviði Miðstöðvar heilsuverndar barna frá 2006 þá eru 20,8% grunnskóla barna á stór-Reykjavíkursvæðinu yfir kjörþyngd.

Mosfellsbær hefur verið þátttakandi í verkefninu frá upphafi, og var stofnaður stýrihópur sem hefur unnið að stefnu og aðgerðaáætlun.

Við upphaf verkefnisins, árið 2005, var staðan könnuð á hverjum stað. Kannanir voru m.a. lagðar fyrir skólastjóra leik- og grunnskóla. Könnunin var svo lögð aftur fyrir leik- og grunnskólastjóra vorið 2007 og 2009. Til að meta þörf fyrir aðgerðir og árangur verkefnisins í Mosfellsbæ hafa niðurstöður kannananna verið greindar og þær nýttar í stefnumótunar- og aðgerðaáætlunarvinnu bæjarfélagsins.

Í Mosfellsbæ hefur verið unnið gott starf í leikskólum og grunnskólum við að skapa aðstöðu til heilsusamlegra lífsháttá barna með áherslu á hreyfingu og næringu. Unnin hefur verið góð stefna hvað þetta varðar en alltaf má gera betur.

LÝÐHEILSUHORNIÐ

Stefna skóla og aðgerðir fara þó ekki alltaf saman og oft er unnið mjög gott starf í skólum þótt ekki sé fjallað um það í stefnu eða skólanámsskrá.

Hvað leikskólana varðar mætti í mörgum þeirra sjá til þess að í stundaskrá væri gert ráð fyrir meiri hreyfingu með skipulögðum hreyfistundum. Til að auðvelda þetta þarf að bæta aðgengi að aðstöðu til hreyfingar, þannig að allir leikskólar hafi aðgang að íþróttasal. Í grunnskólunum er til mikillar fyrirmyndar hversu mikil áhersla er lögð á að hvetja nemendur til hreyfingar utan hefðbundinna íþróttatíma. Það hefur því orðið mikil breyting til batnaðar á aðstöðu og aðgengi til hreyfingar fyrir nemendur í leik- og grunnskólum á því tímabili sem verkefnið hefur verið í gangi í Mosfellsbæ.

Matur og drykkir í leik- og grunnskólum virðist vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar. Má í því sambandi nefna að framboð á unnum kjötvörum hefur minnkað mikið og framboð á hráu grænmeti hefur aukist. Framboð á ávöxtum í leik- og grunnskólum hefur aukist í Mosfellsbæ og er til mikillar fyrirmyndar.

Vatn stendur börnum til boða í öllum leik- og grunnskólum á matmálstímum en draga má úr framboði á nýmjólk með mat.

Þessar niðurstöður sýna jákvæðar breytingar frá því verkefnið fór af stað og að unnið er mikið og gott starf en einnig að alltaf má gera betur. Skýrslan hefur verið kynnt víða innan sveitarfélagsins og má þar nefna á meðal embættismanna, starfsmanna leik- og grunnskóla og pólitískt kjörinna fulltrúa viðeigandi nefnda.

Að lokum þakkar verkefnisstjóri Allt hefur áhrif, einkum við sjálf! öllum sem að verkefninu hafa komið í Mosfellsbæ fyrir einkar gott samstarf. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar og Lýðheilsustöðvar.

Jórlaug Heimisdóttir
verkefnisstjóri Allt hefur áhrif, einkum við sjálf!

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

texture HÁRSTOFA
REDKEN 5TH AVENUE NYC

TILBOÐ Í APRÍL **REDKEN CEMISTRY**
Við bjóðum upp á meðferðir vegna vandamála í hársverði eða hári. Sérsniðin meðferð að þínum þörfum, tekur u.þ.b. 30 mín. Frábær árangur. Rétt verð 3.300.- **Tilboðsverð 1.990.-**
Háholti 23 Mosfellsbæ 566 8500 texture@texture.is

HERBALIFE
Kolbrún Rakel Helgadóttir
kolbrunrakel@gmail.com
Lerkibyggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090
Nýjir viðskiptavinir velkomnir
www.youcanworkfromhome.net

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar
Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

Líf og Líkami - Heilsustofa
- Bowen Tækni
- Dáleiðsla
- Heilun & Heilunarnámskeið
- Höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð
- Shiatsu þrýstipunktameðferð
- TILBOÐ á meðferðum í mars

Háholti 14 Mosfellsbæ • S: 866-0007

Brynjólfur Einarsson

www.lifoglikami.is • binni@lifoglikami.is

gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

Heyrst hefur...

...að búið sé að lengja opnunartímann í Lágafellslaug.

...að Vinstri grænn séu komnir með kosningaskrifstofu við hlið Sjálfstæðisflokksins í Krónuhúsinu.

...að Kjósverjinn Bubbi Morthens verði með ókeypis tónleika í Hlégarði kl. 20:30 þann 10. maí.

...að bráðlega verði farið í markvissa herferð til fækkunar kanína í bæjarfélaginu.

...að einhverjir séu nú að velta fyrir sér að opna rekstur í gamla bakaríinu þar sem Eldhúsið-Pizzabakarí fór nýlega á hausinn.

...að það sé búið að vera stappað út úr dyrum hjá Kidda Rót eftir auglýsinguna í síðasta Mosfellingi.

...að búið sé að opinbera upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni bæjarfulltrúa Mosfellsbæjar á mos.is.

...að Marteinn Magnússon oddviti Framsóknar eigi 33 milljónir í Sparisjóðnum Byr.

...að Anna Ólöf eigi afmæli í dag.

...að miklar framkvæmdir og endurbætur standi nú yfir á Grillnesti sem opnar á ný á morgun.

...verðlaunafé í hönnunarsamkeppni um framhaldsskólann hafi samanlagt slagað hátt í 10 milljónir.

...að Unnur og Bragi ætli að gifta sig um miðjan næsta mánuð.

...að Steindi Jr. verði í þætti Audda og Sveppa á föstudaginn.

...að Afturelding mæti ÍBV í stórleik á föstudaginn í umspili um sæti í úrvalsdeild í handboltanum.

...að heljarinnar Sálarball verði haldið í íþróttahúsinu 8. maí.

...að látúnsbarkinn Bjarni Ara syngi með Karlakór Kjalnesinga á vortónleikunum sem framundan eru.

...að Bylgja Braga eigi afmæli í dag.

...að óvinsæll íbúi í Hlíðunum hafi sprengt tertu um miðja nótt í vikunni við litla hrifningu nágranna.

...að töluvert sé um óþarfa utanvegaakstur torfæruhjóla þessa dagana.

...að stefnt sé að því að klára síðustu holurnar á Hlíðarvelli sem fjármagnað verður að hluta með fyrirframgreiddum félagsgjöldum.

...að Atli Bjarna sé 25 ára í dag.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Myndir/Kristín Ásta

Níundi bekkur í leikhúsferð

Miðvikudaginn 24. mars fóru nemendur í 9. bekk Varmárskóla að sjá Gauragang í Borgarleikhúsinu ásamt íslenskukennurunum sínum. Áður en farið var á sýninguna höfðu krakkarnir lesið samnefnda bók í skólanum. Krakkarnir fóru í skoðunarferð um innviði leikhússins og að henni lokinni fengu þeir að hitta leikstjórann og aðalleikara sýningarinnar. Þetta var frábær ferð, sýningin var virkilega vel heppnuð og allir höfðu gaman af.

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið **mosfellingur@mosfellingur.is**

Í eldhúsinu

HJÁ JOSE ALVARADO

Kókos karrý kjúklingur

Mosfellingur kíkti í eldhúsið til Jose Alvarado flugmanni hjá Icelandair.

- Hráefni:

5 kjúklingabringur
250g af Jasmín Basmati hrísgrjón
1 pakki af cherry tómötum
1 vöndur af koriander
1 dós af Blue Dragon kókosmjólk
½ dós af Blue Dragon hvítlauksmauki
1 flaska af Blue Dragon Oyster Sauce
1 appelsína
½ rauðlaukur
½ laukur
½ rauð paprika
½ græn paprika
½ poki af Baby Gulrætur
spænsk/ítölsk ólífuolía
karry de lux
sítrónupipar
Tasty kjúklingakraftur
salt

Leiðbeiningar

Skerið bringurnar í strimla og marinerið þær í fimm tsk af hvítlauksmauki, ½ flösku af Oyster sósu, sítrónupipar, karrý og safanum úr einni appelsínu. Látið strimlana liggja í marineringu í tvær klukkustundir. Svo eru það hrísgrjónin, setjið þrjár msk af ólífuolíu í pott, þegar olían er orðin heit þá eru eru hrísgrjónin sett ofaní og látin steikjast pínulítið í eina til tvær mín. og bæta fjórum msk. af karrý útí og hræra vel í á meðan. Strax á eftir setjið tvöfalt hlutfall af vatni á móti einu af hrísgrjónum og látið suðuna koma upp og bætið þá kjúklingakrafti við, sjóða við lágan hita í 15-20 mínútur.
Forsteikið strimlana á pönnu með ólífuolíu í ca. fjórar mín. Hafið eldfast mót vel smurt með ólífuolíu og hvítlauksmauki við höndina og setjið allt grænmetið vel saxað í það og blandið svo vel með hrísgrjónum og kjúklingastrimlunum. Hellið kókosmjólkinni yfir og setjið álpappír ofaná. Sett í forhitaðan blástursofn á 200° í 25 mín. Borið fram með baguette brauði og smjöri, ruccola salati með cherry tómötum, rauðlauk og balsamik ediki. Með þessum rétti mæli ég með góðu Riesling hvítvíni eða Rautt Rioja, Coto de Imaz Gran Reserva 2000/2001.

Kjúklingur
á pönnuna, í ofnréttinn, á grillið, í salatið,
í pottréttinn og á samlokuna -
endalausir möguleikar!

ÍSFUGL

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

Bifreiðar B&T tæki
Fékkstu Endurskoðun?

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR
- Bremsur
- Demparar
- Blettun & Málun
- Smáréttingar
- Smurþjónusta

Völuteigur 11, 270 Mosfellsbær
Sími: 565-5333 & GSM: 856-0226

Drauma Kaffi
Drauma Pizza
Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

REDDARI EHF
- Parketslípun
- Parket niðurlagnir
- Allt viðhald parkets
- Kem á staðinn og geri föst verðtilboð.

Upplýsingar í síma 822-0636

REDDARI EHF

ORÐIÐ ER LAUST...

Frábært fótaskol

Mig langar að koma því á framfæri að við í Lágafellslaug höfum sett kalt fótaskol í baðklefa laugarinnar. Fólk sem veit af þessu er mjög ánægt með framtakið.
p.s. kalt fótabað er gott fyrir blóðflæði til fóta, læknar hafa bent á það. Pétur

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10 Þorsteinn 822-7142

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni

STOFAN

ELDHÚSIÐ

VINNUSTAÐURINN

SteinTeppi.is
Sími 864 6600 | www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvernig bíl átt þú?

KONNI
Toyota á sterum.

STYRMIR
Huyndai accident.

HILDUR
Yaris.

FANNAR
Suzuki Baleno.

ANNA
Corolla

GUNNI
'99 árgerð af Flinstone bíl.

Með tvær í takinu



Í toppformi



Gleðilegt sumar

Pappírshjónin

Sætar



Allt eins, liðið hans Sveins



Afmæliskóngarnir

Goggi og frú

Frænkurnar

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Hildur, Brynja og Vallý



Vinkonurnar

Mosfellingar

Dúettinn Stebbi og Erna



Miami Vice

Chelsea

MOSFELLINGUR er á... facebook

Thumbs up

Valli Halli

Steini og Atli á CKR

Blues Brothers

Nafnarnir

SKVÍSUR

HRESSAR KONUR Í STELPUPARTÝ HELGAFELLI

TVÍFARAR

SIGGI VALLI

KEVIN JAMES

ÁSLÁKUR
Guinness á tilboði
Lifandi Írsk Tónlist 1. Maí
FRÍTT INN

ÓÞEKKTAR-ORMURINN HANN ÍSLAND LITLI!

Þröskuldur helvítis... Það er það sem ég ætla að kalla landið mitt! Ekki af því mér líkar illa við það heldur fyrir útlendingana. Þetta hljómar svo vel svona vegna liðinna atburða. Þar ég náttúrulega við ógeðisæseif og eldgos og fleira. "Hello my name is Þrándur and welcome to the threshold of hell!", þýsku: "Guten Tag meine freunde und herzlig willkommen auf der Schwelle der Hölle!", dönsku: "God dag og velkommen på ræsklen til helvede" og frönsku: "Bonjour bienvenue sur le seuil de l'enfer".

Þó svo að margt ömurlegt fylgi þessu bíói get ég ekki annað en hlegið yfir öllu þessu hafarí sem þetta litla land hefur valdið um allan heim. Óþekktarormurinn Ísland er búinn að setja allt á annan endann í Evrópu, Ameríku og þótt víðar væri leitað! Ferð 200 bandarískra hermanna á leið til Íraks frestað, Gordon Brown búinn að boða til neyðarfundar vegna öskufalls, keppnislið í formúlu eitt eru með svaðalegar áhyggjur um að þetta eigi eftir að hindra bílaþróun þeirra, undanriðill Evrópumóts landsliða 20 ára og yngri frestað, Torres komst ekki í aðgerð, heimsþingi smávöruverslunar frestað og meira að segja stóð til að fresta útför Póllandsforseta... Allt vegna þess að þröskuldur heljar er að fara á kostum! Svo eru einhverjar hárkollur fastar á Heathrow flugvelli sem segja: "We hate Iceland, we hate Iceland!" Mér finnst þetta gott á þetta pakk. Hversu vinsælir eru Íslendingar orðnir?! Við erum miðpunktur alls sem er að frétta! Góð eða slæm umfjöllun...mér er alveg sama!

Það er reyndar eitt. Nú þurfum við að taka helvítið hann Herjólf til Eyja á laugardaginn, þar sem við munum spila í úrslitakeppninni og allt flug liggur niðri! Við látum það ekki á okkur fá og mætum með fullt sjálfstraust á úrslitakeppnina og þrykkjum beint upp í úrvalsdeild! Fulla ferð og engar bremsur!!!

Þrándsi

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast til leigu
Par með 2 börn í leit að 4 herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Erum reyklaus og reglusöm. *Uppl. í s. 690-0670.*

Íbúð til leigu
Til leigu rúmgóð 80 fm íbúð á jarðhæð í einbýli á frábærum og rólegum stað í Holtahverfi fyrir reyklausan einstakling eða par. Leiguverð aðeins 70 þús á mánuði með hita og rafmagni fyrir réttan aðila. Íbúðin er laus frá 30. apríl. *Uppl. í síma 895-7055.*

Týnt hjól
Ellefu ára telpa tapaði hjólinu sínu, þ.e. fullorðinshjóli. Það er gírahjól og orangerautt á litinn. *Ef einhver hefur fundið eða séð það, þá vinsamlega hringja í síma 897 7714, afi Jóhannes.*

Leiguhúsnæði óskast
Leiguhúsnæði óskast í Mosfellsbæ, íbúð, lítið hús eða jafnvel sumarhús í útjaðrinum. *Smári s. 896 2300.*

Leiguhúsnæði
Til sölu Pajero stuttur V6 3000, árg. 90, 32" dekk, dráttarkúla, topp ástand, Verð 340 þ.kr. *Uppl. 6605928.*

Íbúð óskast
Barnafjölskylda óskar eftir að leigja til langtíma 5 herb. Íbúð, hæð eða hús og helst með bílskúr. Frá 1. júní, öruggum greiðslum heitið. *Ívar Örn 696 7594 og ivarorn@emax.is.*

Drengjahjól í óskilum
Við Súluhöfða 1 hefur staðið grátt/krómað drengjareiðhjól í um 3 vikur. Þess hlýtur að vera sárt saknað af eigenda.

Hjólhýsi til sölu
Til sölu DESEO plus koju hjólhýsi. Lítið en rúmgott með öllu fyrir 4, WC, fortjald, bremsur o.fl. aðeins 765kg. Hentar því einnig minni bílum. Verð 1.750 þús.kr. (áhvílandi ca. 1.137 þ. ísl. lán, 24þ/mán) *Uppl. 665-6128.*

Þverflauta óskast
Óskum eftir vel með farinni þverflautu fyrir byrjanda – vinsamlegast hafið samband í síma 896-2279, Leifur.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR

Næsta blað kemur út:
Miðvikudaginn 12. maí
(skilafrestur efnis 8. maí)
mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

ÞAÐ SEM TIL ÞARF
VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ
Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu
Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

Cafe Kidda Rót
Háholti 13-15 › Sími: 552-8002
www.cafekiddarot.is

MOSFELLINGUR

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

MENNINGARVIKA LEIKSKÓLANNA

Í síðustu viku fór fram árleg menningarvika leikskólanna í Kjarnanum. Glæsileg myndlistarsýning var sett upp á torginu auk þess sem krakkarnir sungu fyrir gesti og gangandi.

Mynd/SDA

Fjölskylduhátíð

Opnun kosninga-skrifstofu sjálfstæðis-manna
Krónuhúsinu, 21. apríl klukkan 17:00

Mosfellingum er öllum boðið á opnun kosningaskrifstofu sjálfstæðismanna.

x D
Sjálfstæðismenn
www.xd.is

BERG FASTEIGNASALA

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

Gleðilegt sumar
588 55 30

Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjórbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð. **V. 18,5 m.**

Súluhöfði

Mjög vel staðsett 185 fm. einbýli við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. 4 góð herbergi, rúmgóð stofa. 2 baðherbergi.Eftir er að klára lóð. Rúmgóður bílskúr. **V. 42,0 m.**

Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólpallur. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á ódýrari eign koma til greina. **V. 36,8 m.**

Laxatunga

Erum með til sölu 5 íbúða raðhúsalengju við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi. Stærð húsana er 245 fm. og afhendast þau fullbúin að utan en fokheld að innan. Áhvílandi Íbúðalánsjóður kr. 21 m. vextir 4.6%. **V. 32,9 m.**

Þrastarhöfði

Mjög glæsileg og nýtískuleg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd auk stæðis í lokaðri bílageymslu. Flott íbúðmeð vönduðum innréttingum. Lækkað verð. **V.26,7 m.**

Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Stórar svalir og fallegt útsýni til Esjunnar. 3 rúmgóð svefnherbergi. **V. 30,5 m.**

Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Góð svefnherbergi, flottar innréttingar. Stór sólpallur með heitum potti.Gott skipulag.Einstaklega falleg eign.

Víðiteigur

78 fm. endaraðhús við Víðiteig í Mosfellsbæ. Parket á gólfum. Björt stofa. Baðherbergi flísalagt með góðum innréttingum. Góðir fataskápar. Rúmgott loft yfir sem er utan fermetratölu. Flottur garður. Laust strax. **V. 20,3 m.**

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Netfang: berg@berg.is • www.berg.is • Berg fasteignasala stofnuð 1989